

**LOKASKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR**



31. mars 2026

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	1
2	Forsaga og aðdragandi setningar þjóðlendlaga	2
3	Þróun þjóðlendlaga	6
4	Yfirlit yfir störf óbyggðanefndar	12
4.1	Almennt um málsmeðferð óbyggðanefndar	12
4.2	Svæði 1.....	14
4.3	Svæði 2.....	15
4.4	Svæði 3.....	16
4.5	Svæði 4.....	17
4.6	Svæði 5.....	18
4.7	Svæði 6.....	19
4.8	Svæði 7A.....	20
4.9	Svæði 7B.....	22
4.10	Svæði 8A.....	23
4.11	Svæði 8B.....	24
4.12	Svæði 9A.....	25
4.13	Svæði 9B.....	26
4.14	Svæði 10A.....	27
4.15	Svæði 10C.....	28
4.16	Svæði 10B.....	28
4.17	Málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga	29
4.18	Svæði 11.....	31
4.19	Svæði 12.....	31
4.20	Mál um mörk sveitarfélaga	32
4.21	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	33
5	Gagnaöflun og rannsókn óbyggðanefndar	35
6	Skipan óbyggðanefndar og starfsfólk	37
	Fylgiskjöl	39

1 INNGANGUR

Þann 22. desember 2025 kvað óbyggðanefnd upp úrskurði á svonefndu svæði 12 sem tók til eyja og skerja utan meginlands Íslands. Svæðið var það síðasta sem kom til umfjöllunar nefndarinnar og með uppkvaðningu úrskurða þar lauk nefndin hlutverki sínu samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Þann 1. janúar 2026 var óbyggðanefnd svo lögð niður við gildistöku breytinga á þjóðlendulögum þess efnis.

Samkvæmt lögnum var hlutverk nefndarinnar þríþætt. *Í fyrsta lagi* að kanna og skera úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, *í öðru lagi* að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur væri sem afréttur og *í þriðja lagi* að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Verkefni óbyggðanefndar hófst árið 1998 við gildistöku þjóðlendulaga og lauk, eins og áður segir, í lok árs 2025. Á þessum rúmu 27 árum fjallaði óbyggðanefnd um eignarréttarlega stöðu landsins alls samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem kveðið var á um í lögnum.

Til að gefa innsýn í umfang verkefnisins má nefna að úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum urðu alls 87, en hver úrskurður tók jafnan til nokkurs fjölda landsvæða. Blaðsíðufjöldi úrskurða í þjóðlendumálum, fyrir utan viðauka og fylgiskjöl, er alls 14.275. Framlögð skjöl í málum nefndarinnar eru 37.203 auk 1.539 hliðsjónargagna, eða alls 38.742 skjöl sem rannsökuð voru við meðferð mála hjá nefndinni. Niðurstöðum óbyggðanefndar var í mörgum tilvikum skotið til dómstóla og aðilar nutu gjafsóknar í slíkum dómsmálum vegna sérstaks eðlis þeirra. Því liggur fyrir mikill fjöldi dóma um þjóðlendumál og í því sambandi má nefna að dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum eru 69. Að teknu tilliti til úrskurða óbyggðanefndar og þeirra dóma sem fyrir liggja þegar þetta er skrifað er hlutfall þjóðlendna af flatarmáli meginlandsins u.þ.b. 36,5% en um 63,5% eru eignarlönd.¹

Í eftirfarandi köflum verður gerð grein fyrir starfsemi óbyggðanefndar og starfsháttum. Fyrst verður þó vikið að forsögunni og aðdraganda setningar þjóðlendulaga og þróun laganna á starfstíma nefndarinnar í 2. og 3. kafla. Í 2. kafla er veitt yfirlit yfir störf nefndarinnar, bæði fjallað almennt um málsmeðferð nefndarinnar og svo hvert svæði fyrir sig, auk umfjöllunar um mál um mörk sveitarfélaga og um almennar niðurstöður nefndarinnar. Í 5. kafla er gerð grein fyrir gagnaöflun og rannsókn óbyggðanefndar, sem var umfangsmikill þáttur í starfsemi nefndarinnar, og í kafla 6 er yfirlit yfir skipan nefndarinnar og starfsfólk í gegnum tíðina.

¹ Hlutfallstölurnar miðast við land á meginlandi Íslands. Vegna óvissu um flatarmál eyja og skerja umhverfis landið liggja upplýsingar um hlutföll eignarlanda og þjóðlendna þar ekki fyrir. Þá er gerður fyrirvari um að ekki er lokið öllum málum sem skotið hefur verið til dómstóla.

2 FORSAGA OG AÐDRAGANDI SETNINGAR ÞJÓÐLENDULAGA

Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, eins og þau hétu þá, voru samþykkt á Alþingi 28. maí 1998 og tóku gildi 1. júlí sama ár. Meginefni laganna var að kveða á um eignarréttarlega stöðu lands utan eignarlanda en setning þeirra átti sér talsverðan aðdraganda. Fyrir gildistöku laganna hafði löngum verið deilt um eignarrétt að landsvæðum á hálendi Íslands og öðrum svæðum utan byggðamarka. Lengst af snerist umræðan einkum um hvort þessi landsvæði teldust vera eign aðliggjandi sveitarfélaga, einstakra landeigenda eða íslenska ríkisins. Með öðrum orðum var almennt út frá því gengið að þau væru háð beinum eignarrétti en ágreiningurinn stóð fyrst og fremst um hver gæti talist eigandi þeirra.

Ágreiningur af þessum toga kom m.a. til kasta dómstóla. Þann 25. febrúar 1955 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 103/1953 (Landmannaafreittur I), sem birtur er á bls. 108 í dómasafni réttarins árið 1955. Málið varðaði ágreining um veiðirétt í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafreitti. Aðild að málinu áttu hreppsnefndir Holtahrepps og Landmannahrepps vegna hreppanna tveggja, hreppsnefnd Rangárvallahrepps fyrir hönd eigenda og ábúenda tveggja jarða í hreppnum, og landbúnaðarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. Af hálfu hreppanna og jarðanna tveggja var m.a. byggt á því að þeir ættu beinan eignarrétt yfir afréttinum á grundvelli óumdeildrar nýtingar hans til upprekstrar, og veiðirétt á þeim grundvelli. Hæstiréttur hafnaði því hins vegar og komst að þeirri niðurstöðu að umræddir hreppar og eigendur og ábúendur jarðanna tveggja hefðu ekki leitt sönnur að því að þeir hefðu öðlast eignarrétt að Landmannaafreitti.

Tveimur áratugum síðar höfðaði íslenska ríkið eignardómsmál þar sem krafist var viðurkenningar á eignarrétti ríkisins að Landmannaafreitti. Úr málinu var leyst með dómi Hæstaréttar 28. desember 1981 í máli nr. 199/1978 (Landmannaafreittur II), sem birtur er á bls. 1584 í dómasafni réttarins árið 1981. Hreppsnefndir Landmannahrepps, Holtahrepps, Rangárvallahrepps og Skaftártunguhrepps tóku til varna í málinu fyrir hönd hreppanna, og að hluta fyrir hönd eigenda og ábúenda jarða í þeim, og kröfðust viðurkenningar á eignarrétti þeirra að afréttinum. Meiri hluti Hæstaréttar komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að enginn af aðilum málsins hefði sýnt fram á beinan eignarrétt að Landmannaafreitti, hvorki hrepparnir, eða ábúendur og eigendur jarða í þeim, né íslenska ríkið. Niðurstaðan var því í raun að enginn gæti sýnt fram á eignarrétt að svæðinu og þar með að til væru landsvæði á Íslandi sem væru eigendalaus. Hins vegar sagði Hæstiréttur að telja yrði að handhafar ríkisvalds, sem til þess væru bærir, gætu í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðisins, en að líta bæri til þess að fyrirsvarsmenn ríkisins hefðu viðurkennt „rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu Hæstaréttar var farið að huga að því hvort og þá með hvaða hætti rétt væri að standa að lagasetningu um eignarhald á landsvæðum utan eignarlanda. Á fundi ríkisstjórnar Íslands 13. mars 1984 var samþykkt að skipa þriggja manna nefnd til að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og

afréttum. Formaður nefndarinnar var skipaður dr. Gaukur Jörundsson, þá prófessor og síðar umboðsmaður Alþingis, en auk hans voru skipaðir í nefndina Gunnlaugur Claessen, þá ríkislögmaður og síðar hæstaréttardómari, og Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka. Tryggvi Gunnarsson, þá hæstaréttarlögmaður og síðar umboðsmaður Alþingis, var síðar ráðinn ritari nefndarinnar. Þegar Gaukur Jörundsson var kjörinn fyrsti umboðsmaður Alþingis árið 1988 óskaði hann eftir því að verða leystur frá störfum og Allan Vagn Magnússon, þá borgardómari og síðar héraðsdómari og dómstjóri, var skipaður formaður nefndarinnar í hans stað. Allan Vagn Magnússon sat síðar í óbyggðanefnd frá því að henni var komið á laggirnar árið 1998 og þar til hún lauk störfum árið 2025.

Nefndin lagðist í töluverðar rannsóknir á því hvernig háttáð væri skráningu upplýsinga um eignarhald og afnot á þeim svæðum landsins sem féllu undir hugtökin almenningar og afréttir, og hvernig þessi hugtök hefðu verið notuð í lagamáli og daglegu máli. Nefndin aflaði því gagna og upplýsinga um slík svæði og greindi álitafni sem líklegt var talið að gætu komið upp við umfjöllun um þessi svæði. Ráðnir voru laganemar til að sinna gagnaöflun og úrvinnslu, þar á meðal Karl Axelsson, síðar hæstaréttarlögmaður, nefndarmaður í óbyggðanefnd og formaður nefndarinnar og svo hæstaréttardómari.

Nefndin aflaði einnig upplýsinga um og kannaði úrlausnir *Høyfjellskommisjonen* í Noregi sem starfaði í Suður-Noregi á árunum 1909–1953 og hafði það verkefni að ákvarða mörk eignarlanda og hálendissvæða í eigu ríkisins, sem og almenninga. Einnig kannaði nefndin gögn um störf sambærilegrar nefndar sem stofnað var til í Norður-Noregi árið 1971 til að kanna réttindi ríkisins til fjallasvæða á þeim slóðum og nýtingarrétt annarra á þeim, en nefnd þessi bar heitið *Utvalget for statseiendom i Nordland og Troms*, og síðar *Utmarkskommisjonen for Nordland og Troms*, en hún lauk störfum árið 2004. Þess má geta að í framhaldi af vinnu þeirrar nefndar var árið 2005 stofnað til nefndar sem fjallar um eignarréttarleg álitafni í Finnörku, *Finnmarkskommisjonen*.

Á grundvelli athugana og rannsókna nefndarinnar undirbjó hún drög að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sem voru afhent forsætisráðherra í ársbyrjun 1993. Endanlegt frumvarp var tilbúið árið 1996, það var lagt fram á Alþingi í árslok 1997 og samþykkt 28. maí 1998, eins og áður segir.

Í athugasemdum með frumvarpinu kom m.a. fram að aukin og breytt nýting á hálendinu kallaði á að settar yrðu skýrar reglur um hver færi með eignarráð lands þar og væri bær til að taka ákvarðanir um þau málefni. Sem dæmi mætti nefna aukinn fjölda ferðamanna sem sækta þessi landsvæði heim og óskir um uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn þar. Líkur væru á að ásókn í að nýta auðlindir í formi jarðefna, vatnsorku og jarðhita á hálendinu myndi aukast og rýmkaðar heimildir erlendra aðila til að fjárfesta og reka slíka starfsemi hér á landi ítrekaði enn nauðsyn þess að reglur um eignarráð á þessum landsvæðum væru skýrar. Óhætt er að segja að sú framtíðarsýn sem sett var

fram í frumvarpinu hafi í öllum meginatriðum gengið eftir, bæði að því er varðar fjölgun ferðamanna og aukna auðlindanýtingu.

Með lögum nr. 58/1998 var eftirfarandi skipan komið á til að bregðast við framan- greindri stöðu:

- Eignarhaldi á landi var skipt í tvo flokka og hugtökin almenningur og afréttur voru ekki notuð við þá flokkun. Annars vegar er um að ræða eignarlönd sem eru háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Hins vegar landsvæði utan eignarlanda, þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, t.d. beitar- eða veiðiréttindi.
- Hætt var að nota hugtakið afrétt sem lýsingu á ákveðnu eignarformi lands, heldur var það notað sem lýsing á ákveðnum afnotaréttindum, þ.e. beitar- réttindum og hugsanlega fleiri réttindum.
- Tekið var upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þ.e. hugtakið þjóð- lenda. Þetta hugtak tekur til þeirra landsvæða sem áður voru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda.
- Því var lýst yfir með lögnum að íslenska ríkið væri eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki væru þegar háð einka- eignarrétti, t.d. á grundvelli laga eða venjuréttar. Settar voru sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna, en ekki raskað við réttindum þeirra sem höfðu nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfenað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja.
- Þrátt fyrir að lýst væri yfir eignarrétti ríkis að landi og hvers konar lands- réttindum utan eignarlanda voru settar sérstakar reglur um forræði og meðferð þessara réttinda. Til að undirstrika sérstöðu þessara réttinda og að ekki væri um að ræða hefðbundnar eignir ríkisins var ákveðið að forsætisráðherra færi með stjórnáslu og forræði málefna þjóðlendna sem ekki væru með lögum lögð til annarra ráðuneyta. Þá var sveitarstjórnnum ætlað að fara með skammtíma- ráðstöfun afnota innan þjóðlendna.
- Ekki voru í lögnum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teldist eignarland í merkingu laganna, heldur myndi það ráðast af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar væru fram í hverju einstöku tilviki.
- Stjórnvöldum var falið að hafa frumkvæði að því að skera með skipulögðum hætti úr um hver væru mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna, sem og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Sérstakri stjórnáslunefnd, óbyggðanefnd, var falið að sinna þessu verkefni, og upphaflega var gert ráð fyrir að því yrði lokið árið 2007.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á lögnum í árana rás, eins og nánar verður rakið í 3. kafla, en þessi meginskipan hefur haldist frá upphafi.

Óbyggðanefnd var skipuð 2. september 1998, en lögin tóku gildi 1. júlí það ár eins og áður segir. Formaður nefndarinnar, sem jafnframt var framkvæmdastjóri hennar, var Kristján Torfason, dómstjóri, en auk hans sátu í nefndinni sem aðalmenn Karl Axelsson, þá hæstaréttarlögmaður og síðar hæstaréttardómari, og Allan Vagn Magnússon, þá héraðsdómari og síðar dómstjóri. Líkt og áður segir hafði Allan verið formaður nefndarinnar sem samdi frumvarp að þjóðlendlögum og Karl starfað fyrir nefndina sem lagamenti. Auk þriggja aðalmanna voru skipaðir þrír varamenn. Nefndarskipan hefur tekið breytingum í gegnum tíðina eins og nánar verður gerð grein fyrir í 6. kafla.

3 ÞRÓUN ÞJÓÐLENDULAGA

Eftir að þjóðlendulög tóku gildi árið 1998 voru tíu sinnum gerðar breytingar á þeim á starfstíma óbyggðanefndar. Hér verður fjallað um þær lagabreytingar sem höfðu áhrif á málsmeðferð þjóðlendumála og framgang þjóðlenduverkefnisins.¹

Fyrstu breytingarnar voru gerðar með lögum nr. 65/2000, sem tóku gildi 26. maí 2000, og snertu tvo grundvallarþætti í málsmeðferð óbyggðanefndar, annars vegar fyrirkomulag kröfulýsinga aðila og hins vegar kostnað annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni. Fyrir gildistöku laga nr. 65/2000 gerðu þjóðlendulögin ráð fyrir að óbyggðanefnd gæfi út almenna tilkynningu þar sem lýst væri eftir kröfum allra sem hagsmuna ættu að gæta á tilteknu svæði og veitti til þess þriggja mánaða frest. Af því leiddi að bæði fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, vegna krafna um þjóðlendu, og landeigendur og aðrir réttthafar lýstu kröfum samtímis. Hins vegar gat komið í ljós eftir að kröfur aðila voru komnar fram að aðeins væri ágreiningur um hluta svæðisins. Hluti landeigenda og annarra réttthafa gat því hafa lýst kröfum, með tilheyrandi undirbúningi og kostnaði, að ástæðulausu. Sú hafði einmitt verið reynslan af meðferð mála á svæði 1, Árnassýslu, sem var fyrsta svæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar með tilkynningu 1. mars 1999. Til að koma í veg fyrir það var málsmeðferðinni breytt á þann veg að óbyggðanefnd gæfi ríkinu fyrst kost á að lýsa kröfum á tilteknu svæði, ef einhverjar væru. Að framkomnum kröfum ríkisins fengu gagnaðilar ríkisins frest til að lýsa gagnkröfum. Með því var tryggt að kröfugerð landeigenda og annarra réttthafa beindist frá upphafi aðeins að svæðum þar sem uppi væri ágreiningur og undirbúningur þeirra varð þannig markvissari. Þessari breyttu málsmeðferð var í fyrsta sinn fylgt á svæði 2 og síðan öllum svæðum sem nefndin tók til meðferðar eftir það.

Önnur mikilvæg breyting sem gerð var með lögum nr. 65/2000 varðaði, eins og áður segir, kostnað annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni. Upphaflega gerðu þjóðlendulögin ráð fyrir því sem meginreglu að aðilar bæru sjálfir kostnað af hagsmunagæslu sinni fyrir óbyggðanefnd, í samræmi við þá meginreglu að aðilar beri sjálfir kostnað af hagsmunagæslu sinni fyrir stjórnvöldum. Hins vegar gátu aðilar óskað eftir gjafsókn með sömu skilyrðum og gilda um gjafsókn í almennum einkamálum fyrir dómstólum samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Þá hafði óbyggðanefnd, að kröfu aðila, heimild til að úrskurða gagnaðila málskostnað honum til handa úr ríkissjóði, enda hefðu verið færðar fram kröfur, greinargerðir eða sjónarmið fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Um málskostnað fór að öðru leyti eftir reglum um málskostnað í einkamálum. Þrátt fyrir þá almennu meginreglu að aðilar beri sjálfir kostnað af hagsmunagæslu sinni fyrir stjórnvöldum voru sanngirnirök talin mæla með

¹ Að auki voru gerðar tæknilegar breytingar á lögnum sem vörðuðu tilgreiningu mismunandi ráðherraembætta með lögum nr. 167/2007 vegna flutnings sveitarstjórnarmála úr félagsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins, með lögum nr. 162/2010 vegna sameiningar dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í innanríkisráðuneyti, og með lögum nr. 126/2011 vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Auk þess hafa orðið lagabreytingar sem varða umsýslu þjóðlendna, sem vörðuðu ekki störf óbyggðanefndar.

Því að landeigendum og öðrum mögulegum rétt höfum yrði gert auðveldara að reka mál sín fyrir óbyggðanefnd með því að kveða á um að nauðsynlegur kostnaður þeirra vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni greiddist úr ríkissjóði. Í því sambandi var m.a. litið til þess að ríkið ætti frumkvæði að rekstri þjóðlendumála og þjóðlendulögum væri ekki ætlað að raska réttarstöðu landeigenda og annarra rétt hafa, auk þess sem störfum óbyggðanefndar væri markaður ákveðinn tími. Í lögum var bráðabirgðaákvæði þess efnis að um kostnað vegna hagsmunagæslu sem fallið hefði til fyrir gildistöku laganna færi eftir hinum nýju reglum um málskostnað en svæði 1 hafði verið tekið til meðferðar áður en lögin tóku gildi. Fyrstu úrskurðir nefndarinnar voru hins vegar ekki kveðnir upp fyrr en eftir gildistöku laganna og framangreindum reglum um málskostnað var því fylgt í öllum úrskurðum nefndarinnar.

Næst var gerð breyting á þjóðlendulögum með lögum nr. 7/2005. Lögin vörðuðu einkum breytingar á skilyrðum laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, um skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar, en lögum var ætlað að þrengja nokkuð þau skilyrði. Vegna þessara breytinga var ákveðið að bæta við þjóðlendulögin ákvæði um gjafsókn fyrir dómstólum í málum sem vörðuðu úrskurði óbyggðanefndar, þar sem skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar væru þau sömu og áður giltu um gjafsókn fyrir óbyggðanefnd og sérstaklega voru sniðin að þörfum og hagsmunum þeirra sem aðild ættu að þjóðlendu-málum. Með því voru lögfest rýmri skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar í þjóðlendumálum fyrir dómstólum samkvæmt sérreglu í þjóðlendulögum en hin almennu skilyrði laga um meðferð einkamála fyrir veitingu gjafsóknar. Í framkvæmd hefur þessi lagabreyting leitt til þess að gagnaðilum ríkisins er veitt gjafsókn í dómsmálum sem varða úrskurði óbyggðanefndar.

Með lögum nr. 19/2006 var ákvæði þjóðlendulaga um að stefnt skyldi að því að óbyggðanefnd lyki verkefni sínu árið 2007, þ.e. að úrskurða um mörk þjóðlendna og eignarlanda á öllu landinu, breytt þannig að stefnt skyldi að verklokum nefndarinnar árið 2011. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 19/2006 kemur m.a. fram að ljóst hafi orðið að verkefni óbyggðanefndar væri mun umfangsmeira og tímafrekara en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Gríðarlegt umfang verkefnisins, ekki síst við öflun og rannsókn gagna um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu, ásamt samningu ítarlegs rökstuðnings úrskurða, kallaði á þessa breytingu. Þá kemur einnig fram að upphafleg viðmiðun hafi eðli máls samkvæmt verið óvissu háð, enda ekki byggð á sérstakri áætlun eða greiningu verkefnisins. Samkvæmt áætlun nefndarinnar, sem byggð væri á fenginni reynslu, væri hins vegar raunhæft að ætla að verklok gætu orðið á árinu 2011. Jafnframt voru felld brott þau fyrirmæli laganna að formaður óbyggðanefndar skyldi vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík.

Næsta efnislega breyting á þjóðlendulögum varð með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Með lögum var gripið til víðtækra aðgerða á sviði ríkisfjármála til að mæta því mikla tekjufalli og þeim útgjaldaauka sem ríkissjóður varð fyrir

vegna efnahagshrunsins haustið 2008. Meðal ráðstafana sem gripið var til var að draga tímabundið úr kostnaði vegna þjóðlendumála með því að lögfesta bráðabirgðaákvæði um að óbyggðanefnd skyldi ekki taka til meðferðar ný svæði fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Í samræmi við það var ákvæði laganna um að stefnt skyldi að verklokum árið 2011 breytt í 2014, enda ljóst að verklok myndu tefjast umtalsvert með þessari ráðstöfun. Einnig var kveðið á um að heimilt væri að ráða starfsmenn óbyggðanefndar tímabundið fram til ársloka 2011 til annarra sambærilegra starfa innan Stjórnarráðs Íslands.

Með lögum nr. 86/2015 var ákvæði laganna um áætluð verklok óbyggðanefndar breytt á þann veg að stefnt skyldi að verklokum árið 2015. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna kom fram að í ljósi fjölda landsvæða sem eftir ætti að taka til meðferðar, líklegs umfangs ágreiningsmála á hverju svæði fyrir sig og skertra fjárheimilda nefndarinnar væri ljóst að ekki yrði unnt að ljúka verkefnum nefndarinnar fyrr en árið 2018. Hins vegar væri lagt til að framangreindu ákvæði yrði breytt á þann veg að starfstíminn yrði framlengdur til loka árs 2015 en ætlunin væri að endurskoða lögin fyrir lok þess tíma.

Það var hins vegar ekki gert fyrr en fimm árum síðar með lögum nr. 34/2020. Þá var ákvæði laganna um að stefnt skyldi að verklokum árið 2015 breytt í 2024. Í athugasemdum um þetta atriði í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur m.a. fram að verkefni óbyggðanefndar hafi reynst mun viðameira en talið hafi verið þegar henni var komið á fót árið 1998. Það hafi einkum komið til af gríðarlegum fjölda skjala sem þurft hafi að rannsaka vegna ágreiningsmála fyrir nefndinni, tímafrekri gagnaöflun, flóknum álitaefnum og fjölda ágreiningssvæða. Þar við bætist að hægt hafi verið verulega á starfsemi nefndarinnar um margra ára skeið vegna niðurskurðar á fjárheimildum sem gripið hafi verið til árið 2009, en eins og áður segir var tímabundið óheimilt að taka ný landsvæði til meðferðar frá 2009 til 2012.

Gerðar voru aðrar breytingar með lögum nr. 34/2020 sem vörðuðu með beinum hætti málsmeðferð óbyggðanefndar.

Í fyrsta lagi var lögfestur möguleiki ríkisins til að auka við þjóðlendukröfur undir rekstri mála fyrir nefndinni. Fram að því hafði ríkið ekki átt þess kost að auka við kröfur sínar en gagnaðilar ríkisins höfðu getað komið að nýjum og auknum kröfum meðan á málsmeðferð stóð. Kröfum ríkisins var hins vegar lýst á því stigi málsmeðferðar þegar gagnaöflun vegna viðkomandi svæðis var einungis lokið að hluta. Við gagnaöflun sem átti sér stað eftir að kröfum ríkisins var lýst gátu komið fram skjöl sem breyttu forsendum kröfugerðar og í sumum tilvikum bent til þess að þjóðlendukröfur ríkisins hefðu átt að taka til stærra svæðis eða fleiri svæða. Þessi réttarstaða gat leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum yrðu ekki úrskurðuð þjóðlendir vegna þess hvernig kröfum ríkisins var háttáð í upphafi. Því þótti rétt að gera ríkinu kleift að auka við kröfur sínar við meðferð mála hjá óbyggðanefnd að þeim skilyrðum uppfylltum að það yrði ekki metið ríkinu til vanrækslu að hafa

ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu og að hinar auknu kröfur seinkuðu ekki málsmeðferð um of.

Í öðru lagi var lögfest sérstök heimild fyrir óbyggðanefnd til að taka til meðferðar svæði sem áður höfðu sætt meðferð nefndarinnar ef nefndin hafði gert athugasemd við kröfugerð ríkisins þar um. Í nokkrum úrskurðum hafði óbyggðanefnd vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda. Nefndinni var þó ekki heimilt að rannsaka svæðin nánar vegna þess að ekki voru uppi kröfur frá ríkinu þar að lútandi² og eins og áður segir var ríkinu ekki unnt að auka við kröfur sínar. Til að ná því markmiði þjóðlendulaga að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu var talið mikilvægt að taka af öll tvímæli um að nefndinni væri heimilt að taka svæði af þessu tagi til meðferðar. Ákvæði þess efnis varð að 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga en um málsmeðferð á grundvelli ákvæðisins er fjallað í kafla 4.17 hér síðar. Úrskurðir í málum sem rekin voru á grundvelli ákvæðisins, nr. 1–5/2023, voru kveðnir upp 21. október 2024.

Í þriðja lagi var lögfest heimild fyrir óbyggðanefnd til að taka til meðferðar almenninga stöðuvatna á landinu öllu. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna er m.a. rakið að almenningar stöðuvatna hafi talsverða sérstöðu í eignarréttarlegu tilliti, m.a. með vísan til afmörkunar þeirra og netlaga í stöðuvötnum í vatnalögum, nr. 15/1923, og lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Með hliðsjón af þessum skilgreiningum og niðurstöðu Hæstaréttar um eignarréttarlega stöðu vatnsbotns í almennungi Mývatns í dómi Hæstaréttar í máli nr. 33/1978, verði að telja að almenningar stöðuvatna teljist að jafnaði til landsvæða utan eignarlanda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga og eigi því að falla í flokk þjóðlendna, nema þar hafi sérstaklega stofnast til eignarréttinda, svo sem á grundvelli hefðar. Þrátt fyrir það hafi íslenska ríkið ekki gert sérstakar kröfur til almenninga stöðuvatna í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd. Í ljósi þess var talið eðlilegt að nefndin fengi heimild til að taka almenninga stöðuvatna á landinu öllu til meðferðar og heildstæðrar umfjöllunar. Umrædd heimild til að taka almenninga stöðuvatna til meðferðar var síðar felld úr lögum með lögum nr. 87/2024 eins og vikið verður að hér síðar.

Í fjórða lagi var lögfest heimild til að viðhafa viðbótarþrep í málsmeðferð óbyggðanefndar hvað varðar annars vegar landsvæði utan strandlengju meginlandsins og hins vegar almenninga stöðuvatna. Í því fólst að óbyggðanefnd var heimilt að hefja málsmeðferð á umræddum svæðum með því að skora á þá sem kölluðu til eignarréttinda þar að lýsa réttindum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests áður en kröfum ríkisins um þjóðlendur væri lýst, í stað þess að ríkið fengi fyrst frest til að lýsa kröfum um þjóðlendur. Eftir sem áður hefðu gagnaðilar ríkisins kost á að lýsa endanlegum kröfum

² Um þetta atriði vísast til dóms Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvalla-afréttur) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að túlka bæri ákvæði þjóðlendulaga þannig að óbyggðanefnd væri bundin af kröfugerð aðila við úrlausn mála og gæti því ekki úrskurðað um þjóðlendur á öðrum svæðum en þeim sem kröfur ríkisins næðu til.

sínum að framkomnum kröfum ríkisins. Markmiðið var að fá strax í upphafi fram upplýsingar um hvar talið væri til eignarréttinda á eyjum og skerjum og í almenningum stöðuvatna. Gert var ráð fyrir að ríkið gæti tekið mið af upplýsingum sem fram kæmu í slíku viðbótarþrepi við mótun kröfugerðar sinnar. Hins vegar var einnig gert ráð fyrir að nefndin mæti í samráði við Þjóðskjalasafn Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra, sem fór með kröfugerð f.h. íslenska ríkisins, hvort hagræði væri að því að viðhafa þessa breyttu málsmeðferð. Þegar svæði 12, sem tók til eyja og skerja umhverfis landið, var tekið til meðferðar ákvað óbyggðanefnd, að fengnum sjónarmiðum Þjóðskjalasafns og fjármála- og efnahagsráðherra, að viðhafa ekki ekki þessa breyttu málsmeðferð heldur hefðbundna málsmeðferð þar sem íslenska ríkið fékk fyrst frest til að lýsa kröfum um þjóðlendur, sbr. nánar umfjöllun um málsmeðferðina á svæði 12 í kafla 4.19.

Í fimmta lagi voru gerðar tvær breytingar sem ætlað var að auka möguleika hugsanlegra rétthafa að landi til að fá niðurstöður óbyggðanefndar endurskoðaðar. Annars vegar var lögfest heimild annarra en ríkisins til að gera nýjar eða auknar kröfur fyrir dómi án þess að hafa áður gert þær fyrir óbyggðanefnd, ef ekki yrði metið viðkomandi til vanrækslu að hafa ekki gert kröfurnar fyrir nefndinni. Hins vegar voru heimildir til endurupptöku mála fyrir óbyggðanefnd gerðar rýmri en almennt gildir um endurupptöku mála á stjórnarsýslustigi, að því leyti að fallið var frá tímafrestum þar að lútandi, endurupptaka væri ekki háð samþykki annarra málsaðila og hún yrði ekki bundin því skilyrði að viðkomandi hefði átt aðild að hlutaðeigandi máli áður.

Loks var þjóðlendulögum breytt með lögum nr. 87/2024, en tilefni þeirra var m.a. að fjalla um verklok óbyggðanefndar. Með þeim voru ákvæði laganna um óbyggðanefnd felld brott og nefndin þar með lögð niður, en ákvæði þess efnis tóku gildi 1. janúar 2026 í samræmi við áætlun um verklok nefndarinnar eftir uppkvaðningu síðustu úrskurða í lok árs 2025. Sú áætlun gekk eftir en síðustu úrskurðir óbyggðanefndar, sem voru í málum á svæði 12, voru kveðnir upp 22. desember 2025, sbr. umfjöllun í kafla 4.19. Með gildistöku framangreindra ákvæða laga nr. 87/2024, 1. janúar 2026, var óbyggðanefnd því lögð niður. Til að tryggja að unnt væri að fjalla um endurupptökubeiðnir sem fram kynnu að koma að loknum starfstíma óbyggðanefndar var lögfest bráðabirgðaákvæði um heimild til að skipta þriggja manna *ad hoc* óbyggðanefnd til að fjalla um slíkar beiðnir, ef einhverjar yrðu. Til að tryggja að þetta bráðabirgðafyrirkomulag tæki á einhverjum tímamarki enda var endurupptökuheimild laganna breytt þannig að mál yrði ekki tekið upp að nýju ef þrjú ár væru liðin frá því að aðila var tilkynnt um úrskurð óbyggðanefndar. Sú heimild er rýmri en samkvæmt almennum reglum stjórnarsýslulaga sem miða við eitt ár, en þrengri en fyrri endurupptökuheimild laganna sem var án tímamarka eftir breytingu sem gerð var með lögum nr. 34/2020.

Með lögum nr. 87/2024 var einnig felld brott heimild óbyggðanefndar til að taka til meðferðar almenninga stöðuvatna á landinu öllu, sem kom inn í þjóðlendulögin með lögum nr. 34/2020, líkt og rakið er hér framar. Þess í stað var í frumvarpi til laganna

gert ráð fyrir að því yrði lýst yfir að íslenska ríkið væri eigandi almenninga stöðuvatna, nema réttindi í þeim leiddi af lögum eða aðrir gætu sannað að þeir ættu réttindi þar, og að um almenninga stöðuvatna færi eins og þjóðlendur. Ástæða þess var m.a. að komið höfðu fram efasemdir á fræðilegum vettvangi um hvort almenningar stöðuvatna gætu talist *land* í skilningi þjóðlendulaga og þannig fallið undir þjóðlenduhugtak laganna. Í ljósi mögulegrar óvissu um þetta atriði var ekki talið forsvaranlegt að efna til umfangsmikillar málsmeðferðar óbyggðanefndar um þessi svæði. Í ljósi sérstöðu almenninga stöðuvatna, sem eru lögum samkvæmt skilgreindir sem svæði utan eignarlanda þar sem eigendur aðliggjandi fasteigna eiga tiltekin afmörkuð réttindi, var því ákveðið að leggja til að þeir yrðu lýstir eign ríkisins með lögum án undangenginnar málsmeðferðar óbyggðanefndar, með fyrirvara um hugsanleg réttindi annarra. Frumvarpinu var hins vegar breytt í meðförum Alþingis samkvæmt tillögu meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um að yfirlýsing um eignarrétt íslenska ríkisins að almenningum stöðuvatna yrði felld brott. Í nefndaráliti með breytingartillögu nefndarinnar kom fram að fram hefði komið gagnrýni á að til stæði að lýsa yfir eignarrétti íslenska ríkisins að almenningum stöðuvatna án þess að fyrir lægi greining á fjölda stöðuvatna þar sem almenninga væri að finna og á umfangi þeirra. Þá hefði verið gagnrýnt að atriði sem vörðuðu ýmis réttindi væru ekki nægilega skýr, líkt og veiðirétt og umferðarrétt um vötn, og að ákvæðið væri óþarft og til þess fallið að vekja upp deilur. Meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar féllst á að heppilegra væri að ítarlegri upplýsingar lægju fyrir áður en ákvörðun væri tekin um að kveða í lögum á um eignarrétt íslenska ríkisins að almenningum stöðuvatna. Meiri hlutinn lagði því til að fallið yrði frá því að svo stöddu, svo unnt væri að kanna nánar atriði sem vörðuðu stöðu þeirra og umfang.

Í ljósi þess að heimild óbyggðanefndar til að fjalla um almenninga stöðuvatna var felld brott og fallið var frá því að kveða á um eignarréttarlega stöðu þeirra með beinum hætti í lögum er ljóst að enn er nokkur vafi um eignarréttarlega stöðu þeirra. Líkt og fram kemur í frumvörpum til laga nr. 34/2020 og 87/2024 verður, með hliðsjón af skilgreiningu almenninga stöðuvatna í lögum og dómi Hæstaréttar í máli nr. 33/1978 um Mývatnsbotn, að telja afar ólíklegt að nokkur geti sýnt fram á beinan eignarrétt að vatnsbotni innan almennings stöðuvatna. Af því leiðir að þeir geta ólíklega talist vera eignarland í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Hins vegar er einnig ljóst að þeir eru ekki þjóðlendur í skilningi sama ákvæðis, nema hugsanlega í þeim tilvikum þegar almenningar eru í stöðuvötnum sem eru innan stærra svæðis sem úrskurðað hefur verið þjóðlenda. Í þeim tilvikum hefur þó ekki verið tekin sérstök afstaða til almenninga stöðuvatna, auk þess sem almenningar eru í fjölmörgum stöðuvötnum sem eru utan þjóðlendumarka.

Þrátt fyrir það markmið þjóðlendulaga að kveða í eitt skipti fyrir öll á um eignarréttarlega stöðu alls lands á Íslandi og fella það annaðhvort í flokk eignarlanda eða þjóðlendna stendur þetta álitaefni því eftir óleyst.

4 YFIRLIT YFIR STÖRF ÓBYGGÐANEFNDAR

Hér verður gerð grein fyrir störfum óbyggðanefndar frá stofnun hennar 1998 þar til hún lauk störfum í lok árs 2025. Umfjölluninni verður þannig háttað að fyrst er fjallað almennt um málsmeðferð óbyggðanefndar og síðan um hvert svæði sem nefndin tók til umfjöllunar. Loks verður gerð grein fyrir *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og þýðingu þeirra.

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar urðu úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum alls 87, en hver úrskurður tók jafnan til fjölda landsvæða. Blaðsíðufjöldi úrskurða í þjóðlendumálum, fyrir utan viðauka og fylgiskjöl, er alls 14.275. Samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og að teknu tilliti til niðurstaðna dómstóla er hlutfall þjóðlendna af flatarmáli meginlandsins u.þ.b. 36,5% en um 63,5% eru eignarlönd.¹

4.1 Almennt um málsmeðferð óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd skipti meginlandi Íslands upphaflega í ellefu svæði. Síðar var sumum svæðunum skipt í smærri einingar, meðal annars í því skyni að aðlaga umfang mála að knöppum fjárheimildum nefndarinnar hverju sinni. Svæðin á meginlandinu urðu þannig alls sextán og afmörkun þeirra miðaðist að jafnaði við sýslumörk. Eyjar og sker umhverfis landið voru síðan sautjándi svæðið, auk þess sem nokkur mál voru til meðferðar á grundvelli heimildar í þágildandi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga, sem heimilaði óbyggðanefnd að taka til meðferðar svæði sem áður höfðu sætt meðferð hennar ef hún hefði í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Nefndin tók eitt svæði til meðferðar hverju sinni en málsmeðferð einstakra svæða skaraðist oft.

Málsmeðferð á hverju svæði hófst með því að fjármála- og efnahagsráðherra, sem fór með fyrirvar fyrir hönd ríkisins í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd, var tilkynnt um að ákveðið hefði verið að taka umrætt svæði til meðferðar og að ráðherra væri veittur þriggja til sex mánaða frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar að ræða.

Þegar kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkisins, lá fyrir var hún almennt birt á vefsíðu óbyggðanefndar. Í samræmi við þjóðlendlög gaf nefndin síðan út tilkynningu sem birtist í Lögbirtingablaði og dagblöðum. Þar var gerð grein fyrir kröfum ríkisins og skorað formlega á þá sem teldu til eignarréttinda á svæðum sem ríkið gerði kröfur til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan tiltekins tíma, sem skyldi vera þrjú til sex mánuðir. Kröfurnar voru alla jafna einnig kynntar eftir ýmsum öðrum leiðum, t.d. með tilkynningum til héraðsmiðla og annarra fjölmiða, sem og til sveitarfélaga.

Að loknum kröfulýsingarfrestum ríkisins annars vegar og landeigenda og annarra réttihafa hins vegar gaf óbyggðanefnd út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdrætti, eða

¹ Hlutfallstölurnar miðast við land á meginlandi Íslands. Vegna óvissu um flatarmál eyja og skerja umhverfis landið liggja upplýsingar um hlutföll eignarlanda og þjóðlendna þar ekki fyrir. Þá er gerður fyrirvari um að ekki er lokið öllum málum sem skotið hefur verið til dómstóla.

kröfulínukorti. Samkvæmt þjóðlendlögum skyldu þessi gögn liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sýslumanns eða sýslumanna í að minnsta kosti einn mánuð. Almennu voru kynningargögn einnig send sveitarfélögum á svæðinu, auk þess sem þau voru birt á vefsíðu óbyggðanefndar. Frestur til athugasemda var sjö dagar frá þeim degi er kynningu lauk.

Þrátt fyrir að aðilar máls legðu alla jafna fram helstu heimildir og gögn sem þeir byggðu rétt sinn á, bar óbyggðanefnd einnig ríka sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í henni fólst m.a. skylda til að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar voru hverju sinni og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu höfðu fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Markmiðið var að tryggja sem best að rétt niðurstaða fengist um einstök álitæfni og óbyggðanefnd lagði frá upphafi mikla áherslu á að vandað yrði til verka við rannsókn mála. Ítarlegar og umfangsmiklar rannsóknir nefndarinnar voru meðal ástæðna þess að verkefni nefndarinnar tók lengri tíma en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Til að fullnægja rannsóknarskyldunni naut nefndin aðstoðar Þjóðskjalasafns Íslands við gagnaöflun og skjalarannsóknir. Nánar verður fjallað um gagnaöflun og rannsókn óbyggðanefndar í 5. kafla.

Liður í rannsókn nefndarinnar var einnig að kanna aðstæður á ágreiningssvæðum með vettvangsgöngu. Vettvangsgöngur fóru almennt þannig fram að nefndin og starfsfólk hennar ferðaðist um ágreiningssvæði hvers máls í fylgd með aðilum og lögmönnum eða öðrum fulltrúum þeirra og eftir atvikum öðrum staðkunnugum. Í seinni tíð fóru vettvangsgöngur almennt fram fyrir aðalmeðferð mála, en á fyrri svæðum fóru aðalmeðferðir og vettvangsgöngur stundum saman. Í samræmi við fjölbreytileika þeirra svæða sem nefndin hafði til meðferðar voru mörg mismunandi farartæki nýtt til vettvangsferða, t.d. hestar, bílar, rútur, fjór- og sexhjól, bátar, skip og þyrlur, auk þess sem farið var fótgangandi um mörg svæði. Þá voru dæmi um að nútímataekni væri nýtt til að kanna aðstæður á illaðgengilegum svæðum, svo sem drónamyndir og stafræn þrívíddarkort.

Í þjóðlendlögum sagði að kæmi það fram við meðferð máls að aðili, sem kynni að telja til eignarréttinda, hefði ekki lýst kröfum sínum skyldi óbyggðanefnd hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann félli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á að gerast aðili máls. Á þessum grundvelli vakti nefndin stundum athygli hugsanlegra rétthafa á kröfugerðum íslenska ríkisins og gaf þeim kost á aðild, í tilvikum þar sem þeir höfðu ekki sjálfir haft frumkvæði að því að lýsa kröfum innan tilskilins frests. Einnig var rétt höfum sem óskuðu að eigin frumkvæði eftir aðild að málum eftir lok kröfulýsingarfrests veitt aðild á þessum grundvelli.

Samkvæmt lögnum var óbyggðanefnd skylt að leita sátta með aðilum nema telja yrði að sáttatilaun yrði árangurslaus. Nefndin lagði sig ávallt fram um að kanna möguleika á að sætta mál í heild eða að hluta, en í því gat m.a. falist að aðilar samræmdu kröfulínur. Þá eru einnig dæmi um að einstökum málum eða hlutum þeirra hafi verið

lokið með sátt. Yfirleitt þannig að fallist væri á að tiltekið svæði væri eignarland en einnig er dæmi um að sátt hafi verið gerð um að svæði væri þjóðlenda.

Að lokinni kerfisbundinni gagnaöflun í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands var lög-
mönnum og öðrum fulltrúum aðila boðið að skila greinargerðum til nefndarinnar þar
sem þeim gafst færi á að tjá sig um öll framkomin gögn og röksemdir aðila. Almennt
fékk íslenska ríkið fyrst frest til að skila greinargerðum og svo gagnaðilar þess.

Loks var haldin aðalmeðferð í viðkomandi málum en þar komu vitni fyrir nefndina
og gáfu munnlegar skýrslur auk þess sem fram fór munnlegur málflutningur, alla jafna
af hálfu lögmannna aðila. Á fyrri svæðum fór vettvangsganga oft fram í tengslum við
aðalmeðferð á viðkomandi svæði en í seinni tíð voru vettvangsgöngur yfirleitt haldnar
fyrir aðalmeðferð, eins og áður segir.

Að lokinni aðalmeðferð voru mál tekin til úrskurðar og þeim lauk með skriflegum
úrskurði nefndarinnar. Í úrskurðum var gerð ítarleg grein fyrir málsmeðferð, rannsókn
nefndarinnar, sögulegum heimildum og þeim röksemdum sem lágu að baki einstökum
niðurstöðum. Í samræmi við hlutverk óbyggðanefndar samkvæmt þjóðlendlögum var
í úrskurðum tekin afstaða til þess hvort þau svæði sem kröfur ríkisins um þjóðlendur
tóku til væru þjóðlendur eða eignarlönd og í tilviki landsvæða sem reyndust vera þjóð-
lendur var eftir atvikum tekin afstaða til krafna um óbein eignarréttindi innan þeirra,
svo sem um afréttareign. Úrskurðir óbyggðanefndar voru endanlegir á stjórnslustigi
en þá var unnt að bera undir dómstóla innan sex mánaða frá útgáfu þess Lögbirtinga-
blaðs sem útdráttur úr úrskurði var birtur í.

4.2 Svæði 1

Svæði 1, norðanverð Árnassýsla, var fyrsta svæðið sem óbyggðanefnd tók til með-
ferðar. Svæðið var tekið til meðferðar 1. mars 1999 með útgáfu tilkynningar sem birtist
í Lögbirtingablaðinu 5. mars sama ár í samræmi við þágildandi reglur þjóðlendlaga
um töku svæðis til meðferðar, en eins og rakið er í 3. kafla hér að framan var þeim
breytt með lögum nr. 65/2000. Í tilkynningunni var skorað á þá sem teldu til eignar-
réttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir
óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í sjö hreppum á svæðinu og
alls bárust 62 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem sumar tóku til fleiri en einnar jarðar
eða stærri landsvæða.

Í janúar 2000 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í sjö
málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2000: Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi
- Mál nr. 2/2000: Grímsnesafréttur og jarðir umhverfis Lyngdalsheiði í
Grímsnes- og Grafningshreppi
- Mál nr. 3/2000: Laugardalsafréttur og efstu jarðir í Laugardalshreppi
- Mál nr. 4/2000: Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi

- Mál nr. 5/2000: Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi
- Mál nr. 6/2000: Flóa- og Skeiðamannafréttur
- Mál nr. 7/2000: Gnúpverjiafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi

Málin voru fyrst tekin fyrir í febrúar og mars 2000 og aðalmeðferðir fóru fram í júní, ágúst og september sama ár. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 21. mars 2002.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Norðanvert Þingvallakirkjuland og landsvæði norðan þess
- Grímsnes- og Grafningsafréttur og landsvæði norðan hans
- Laugardalsafréttur
- Biskupstungnaafréttur, þ.m.t. Framafréttur og Afréttur norðan vatna
- Hrunamannafréttur
- Hrunaheiðar
- Flóa- og Skeiðamannafréttur
- Gnúpverjiafréttur
- Landgræðslusvæði í Þjórsárdal
- Búrfells- og Skeljafellssvæði

4.3 Svæði 2

Svæði 2 tók til Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Svæðið var tekið til meðferðar með bréfi til fjármálaráðherra 13. júlí 2000 þar sem ráðherra var veittur frestur til 15. nóvember sama ár til að lýsa kröfum um þjóðlendum, væri um slíkar að ræða. Fresturinn var síðar framlengdur til 15. desember sama ár og kröfulýsing fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, barst 13. desember það ár. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 3. janúar 2001. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendum í Lóni, Nesjum, Mýrum, Suðursveit og Örafum, og alls bárust 36 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem tóku til 108 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, auk þess sem ábúendur ríkisjarða lögðu í nokkrum tilfellum fram kröfur.

Í júlí 2001 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í fimm málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2001: Örafi
- Mál nr. 2/2001: Suðursveit
- Mál nr. 3/2001: Mýrar
- Mál nr. 4/2001: Nes

- Mál nr. 5/2001: Lón

Málin voru fyrst tekin fyrir í ágúst 2001 og aðalmeðferðir fóru fram í júní og september 2002. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 14. nóvember 2003.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Ærfjall
- Fjall
- Breiðármörk
- Landsvæði við vestanvert Jökulsárlón
- Hafrafell og landsvæði framan við það
- Hoffells-Lambatungur
- Lónsöræfi nyrðri
- Norðausturhlíðar Stigafjalla
- Sá hluti Vatnajökuls sem er innan svæðamarka

4.4 Svæði 3

Svæði 3 tók til Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Svæðið var tekið til meðferðar með bréfi til fjármálaráðherra 12. október 2000 þar sem ráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendum, væði um slíkar að ræða. Fresturinn var síðar framlengdur til 27. apríl sama ár og kröfulýsingar fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendum í ellefu hlutum auk sjö kröfulýsinga vegna ríkisjarða og alls bárust 34 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem tóku til 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða.

Í janúar 2003 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í níu málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2003: Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannafrétti
- Mál nr. 2/2003: Holta- og Landsveit ásamt Landmannafrétti í Rangárþingi ytra
- Mál nr. 3/2003: Fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra
- Mál nr. 4/2003: Fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppur, nú í Rangárþingi eystra
- Mál nr. 5/2003: Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra
- Mál nr. 6/2003: Mýrdalshreppur

- Mál nr. 7/2003: Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi
- Mál nr. 8/2003: Síða, Landbrot, Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallahreppi, nú í Skaftárhreppi
- Mál nr. 9/2003: Fljótshverfi í Skaftárhreppi

Málin voru fyrst tekin fyrir í febrúar, apríl og maí 2003 og aðalmeðferðir fóru fram á tímabilinu júlí til nóvember 2003. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 10. desember 2004.

Þjóðlendur á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Holtamannaafréttur
- Landmannaafréttur
- Rangárvallaafréttur
- Fljótshlíðarafréttur
- Emstrur, afréttur Hvolhreppinga
- Landsvæði norðvestan Entujökuls
- Afréttir við norðanverðan Eyjafjallajökul, þ.e. Almennungur, Teigstungur, Múlatungur, Þórsmörk, Goðaland, Merkurtungur, Stakkholt og Steinsholt
- Borgartungur og Hólatungur
- Skaftártunguafréttur og landsvæði norðan hans
- Álftaversafréttur
- Síðumannaafréttur
- Tindfjallajökull, Eyjafjallajökull, Mýrdalsjökull, Torfajökull og sá hluti Vatnajökuls sem er innan svæðamarka

4.5 Svæði 4

Svæði 4 tók til Suðvesturlands. Svæðið var tekið til meðferðar með bréfi til fjármálaráðherra 27. október 2003 þar sem ráðherra var veittur frestur til 28. janúar 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur, væri um slíkar að ræða. Fresturinn var síðar framlengdur til 20. febrúar sama ár og kröfulýsingar fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í sjö hlutum, auk fjögurra kröfulýsinga vegna ríkisjarða, og alls bárust 62 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem tóku til 122 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða.

Í ágúst 2004 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í sex málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2004: Grindavík og Vatnsleysuströnd
- Mál nr. 2/2004: Stór-Reykjavíkursvæðið

- Mál nr. 3/2004: Kjalarnes
- Mál nr. 4/2004: Kjós
- Mál nr. 5/2004: Grafningur
- Mál nr. 6/2004: Ölfus

Mál nr. 3 og 4/2004 voru síðar sameinuð í eitt mál. Málin voru fyrst tekin fyrir í ágúst og september 2004 og aðalmeðferðir fóru fram í janúar, febrúar og mars 2005. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 31. maí 2006.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjúlunds
- Afréttur Álftaneshrepps hins forna
- Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna
- Selvogsafréttur
- Ölfusafréttur
- Grafningsafréttur

4.6 Svæði 5

Svæði 5 tók til Norðausturlands. Svæðið var tekið til meðferðar með bréfi til fjármálaráðherra 1. mars 2004 þar sem ráðherra var veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendum, væri um slíkar að ræða. Fresturinn var síðar framlengdur til 12. nóvember sama ár og kröfulýsingar fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, bárust 11. nóvember það ár. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 28. desember 2004. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendum í sex hlutum, auk níu kröfulýsinga vegna ríkisjarða, og alls barst 101 kröfulýsing gagnaðila ríkisins sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

Í júlí 2005 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í fimm málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2005: Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal
- Mál nr. 2/2005: Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð
- Mál nr. 3/2005: Vopnafjarðarhreppur
- Mál nr. 4/2005: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur
- Mál nr. 5/2005: Öxarfjarðarhreppur

Málin voru fyrst tekin fyrir í ágúst 2005 og aðalmeðferðir fóru fram í júní og júlí 2006. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 29. maí 2007.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Villingadalur
- Suðurfell og landsvæði sunnan þess
- Múli
- Vesturöræfi, Rani og undir Fellum, að frátöldu Brattgerði
- Brúaröræfi
- Þorbrandsstaðatungur
- Steinvarartunga að meðtöldum hluta Mela
- Landsvæði norðan Þjóðfells
- Afréttur Vopnafjarðarhrepps
- Selsárvellir
- Mælifell
- Landsvæði vestan Þorvaldsstaða og Hamars
- Landsvæði vestan Hvammsgerðis, Hróaldsstaða og Áslaugarstaða
- Syðsti hluti Kverkártungu og landsvæði sunnan Miðfjarðar, Gunnarsstaða og Þorvaldsstaða
- Afréttur Þórshafnarhrepps
- Afréttur Svalbarðshrepps
- Grímólfsártunga
- Hvappur
- Þverfellsland
- Heiðarmúli
- Landsvæði norðaustan Grímsstaða og suðaustan afréttarlands á Hólsfjöllum
- Sá hluti Vatnajökuls sem er innan svæðamarka

4.7 Svæði 6

Svæði 6 tók til austanverðs Norðurlands. Svæðið var tekið til meðferðar með bréfi til fjármálaráðherra 15. júní 2006 þar sem ráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendum, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 1. nóvember sama ár og kröfulýsingar fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtinga-
blaðinu 10. nóvember 2006. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í fimm hlutum, auk sex kröfulýsinga vegna ríkisjarða, og alls bárust 162 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fimm málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2007: Mývatnsöræfi og Ódáðahraun
- Mál nr. 2/2007: Tjörnes og Þeistareykir
- Mál nr. 3/2007: Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs
- Mál nr. 4/2007: Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flatey jardalsheiði austan Dalsár
- Mál nr. 5/2007: Grýtubakkahreppur ásamt Flatey jardalsheiði vestan Dalsár

Málin voru fyrst tekin fyrir í apríl 2007 og aðalmeðferðir fóru fram í september 2007. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 6. júní 2008.

Þjóðlendur á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir
- Krepputunga
- Þjóðlenda í Ódáðahrauni
- Selland og afréttarland Skútustaða
- Framdalaafréttur
- Afréttur í Þingeyjarsveit
- Hálsmannatungur
- Almennigur á Flatey jardal
- Upprekstrarland milli Höfðagilja
- Draflastaðakirkjuland
- Tjarnahverfi
- Finnsstaðadalur
- Sá hluti Vatnajökuls sem er innan svæðamarka

4.8 Svæði 7A

Svæði 7A tók til syðri hluta vestanverðs Norðurlands. Upphaflega var svæði 7, sem tók til vestanverðs Norðurlands, tekið til meðferðar í heild sinni með bréfi til fjármálaráðherra 29. mars 2007. Hins vegar var síðar ákveðið, að beiðni fjármálaráðherra, að skipta svæði 7 í tvennt. Annars vegar 7A sem tæki til syðri hlutans og hins vegar 7B sem tæki til nyrðri hlutans. Óbyggðanefnd féllst á beiðnina með bréfi 28. desember 2007. Upphaflega var fjármálaráðherra veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 7, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 14. mars 2008 og kröfulýsingar fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, bárust þann

dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfuvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í tveimur hlutum, auk þriggja kröfulýsinga vegna ríkisjarða, og alls bárust 107 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fimm málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2008: Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal
- Mál nr. 2/2008: Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár
- Mál nr. 3/2008: Hörgárbyggð austan Öxnadalsár
- Mál nr. 4/2008: Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár
- Mál nr. 5/2008: Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari Jökulsár, ásamt Hofsjökli

Málin voru fyrst tekin fyrir í ágúst 2008 og farið var í vettvangsgöngur í ágúst og september það ár. Aðalmeðferðir fóru fram í nóvember og desember 2008. Úrskurðir voru kveðnir upp 29. júní 2009.

Þjóðlendur á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár
- Almennigur í fyrrum Öngulsstaðahreppi
- Afréttarland Munkaþverár
- Afréttarland Stóra Hamars I og II og Rifkelsstaða I og II
- Afréttarland Ánastaða
- Möðruvallaafréttur í Eyjafirði
- Æsustaðatungur
- Vaskárdalur
- Almennigur í Hörgárbyggð
- Silfrastaðaafrétt
- Seldalsfjall (Bakkasel, syðri hluti)
- Saurbæjarafréttur
- Afréttur Stóradals
- Saurbæjarafréttur (Sneis)
- Afréttur Syðri-Villingadals
- Leyningsdalur
- Afréttur Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár
- Arnarstaðatungur
- Hólaafréttur
- Torfur (Jórunnarstaðatungur)

- Landsvæði sunnan Eyjafjarðardala og Bleiksmýrardals vestan Fnjóskár
- Fjöllin
- Nýjabæjarafrétt
- Austurhluti Hofsafréttar
- Landsvæði suðaustan Þorljótsstaðarunu
- Lambatungur
- Vesturhluti Hofsafréttar
- Hraunin
- Eyvindarstaðaheiði

4.9 Svæði 7B

Svæði 7B tók til nyrðri hluta vestanverðs Norðurlands. Upphaflega var svæði 7, sem tók til vestanverðs Norðurlands, tekið til meðferðar í heild sinni með bréfi til fjármálaráðherra 29. mars 2007. Hins vegar var síðar ákveðið, að beiðni fjármálaráðherra, að skipta svæði 7 í tvennt. Annars vegar 7A sem tæki til syðri hlutans og hins vegar 7B sem tæki til nyrðri hlutans. Óbyggðanefnd féllst á beiðnina með bréfi 28. desember 2007. Eftir það var málsmeðferð á svæði 7A fram haldið og úrskurðir í málum þar voru kveðnir upp 19. júní 2009. Með bréfi 28. október 2008 var fjármálaráðherra hins vegar veittur frestur til 31. janúar 2009 að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 7B, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 11. maí sama ár og kröfulýsingar fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 22. maí 2009. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í tveimur hlutum, auk fjögurra kröfulýsinga vegna ríkisjarða, og alls bárust 15 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í tveimur málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2009: Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna
- Mál nr. 2/2009: Skagafjörður ásamt Almenni norðan Hrauna en án Lágheiðar

Vettvangsgöngur fóru fram í ágúst og september 2009 og málin voru svo fyrst tekin fyrir í nóvember sama ár. Aðalmeðferðir fóru fram í apríl 2010. Úrskurðir voru kveðnir upp 10. október 2011.

Þjóðlendur á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Landsvæði norðaustan Stífluafréttar og Lágheiðar
- Stífluafrétt og Lágheiði

- Hrolleifsdalsafrétt
- Flókadalsafrétt
- Unadals- og Deildardalsafréttir
- Hnjótafjall
- Skíðadalsafrétt
- Möðruvallafrétt í Hörgársveit
- Heiðarfjall (Bakkasel, nyrðri hluti)
- Silfrastaðafrétt

4.10 Svæði 8A

Svæði 8A tók til Norðvesturlands, þ.e. Húnavatnssýslu vestan Blöndu ásamt Skaga. Upphaflega var svæði 8, sem tók til Norðvesturlands og hluta Vesturlands, tekið til meðferðar í heild sinni með bréfi til fjármálaráðherra 21. febrúar 2008. Með bréfi til fjármálaráðherra 28. október 2008 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið að breyta fyrirhugaðri röð svæða á þann veg að taka svæði 7B til umfjöllunar á undan svæði 8 og að höfðu samráði við sérfræðinga Þjóðskjalasafns hefði einnig verið ákveðið að skipta svæði 8 í tvennt. Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 8A, ef einhverjar væru. Með bréfi 6. júlí 2009 var fjármálaráðherra tilkynnt að samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, myndi óbyggðanefnd ekki taka til meðferðar ný svæði eða fjármálaráðherra lýsa kröfum um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Þetta hefði í för með sér að fyrri ákvörðun óbyggðanefndar, um að veita ráðherra frest til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum, væri úr gildi fallin. Um tveimur árum síðar, 23. júní 2011, var fjármálaráðherra tilkynnt að svæði 8A væri aftur tekið til meðferðar og honum veittur frestur til 9. janúar 2012 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 30. júní 2012. Kröfulýsingar fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust 2. júlí 2012. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 5. júlí 2012. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni barst krafa íslenska ríkisins um þjóðlendur í einum hluta og alls bárust 16 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fjórum málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2013: Skagi
- Mál nr. 2/2013: Húnavatnshreppur
- Mál nr. 3/2013: Húnaþing vestra, syðri hluti
- Mál nr. 4/2013: Vatnsnes

Málin voru fyrst tekin fyrir í mars 2013 og aðalmeðferðir fóru fram í ágúst og september 2013. Vettvangsganga í hverju máli fór fram samhliða aðalmeðferð. Úrskurðir voru kveðnir upp 19. desember 2014.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Almennigur á Skagaheiði²
- Skrapatunguafrétt
- Fannlaugarstaðir
- Skálahnjúkur
- Auðkúluheiði
- Forsæludalskvíslar
- Landsvæði sunnan Grímstunguheiðar
- Landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna
- Lambatungur
- Kornsártungur
- Austurhluti Víðidalstunguheiðar
- Húksheiði
- Staðarhreppsfréttur

4.11 Svæði 8B

Svæði 8B tók til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi, ásamt Langjökli. Upphaflega var svæði 8, sem tók til Norðvesturlands og hluta Vesturlands, tekið til meðferðar í heild sinni með bréfi til fjármálaráðherra 21. febrúar 2008. Með bréfi til fjármálaráðherra 28. október 2008 tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga Þjóðskjalasafns, að skipta svæði 8 í tvennt. Svæði 8A var tekið til umfjöllunar á undan 8B og úrskurðir í málum á því svæði voru kveðnir upp 19. desember 2014. Með bréfi 30. janúar 2013 var fjármála- og efnahagsráðherra síðan tilkynnt að svæði 8B væri tekið til meðferðar og honum veittur frestur til 31. maí 2013 til að lýsa kröfum um þjóðlendum, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 10. desember 2013 og þann dag bárust kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisins. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2013. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni barst krafa íslenska ríkisins um þjóðlendum í einum hluta og alls bárust 27 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fimm málum, sem skiptust svo:

² Niðurstaða um þjóðlendum á Almenningi á Skagaheiði byggðist á sátt þar að lútandi.

- Mál nr. 1/2014: Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár
- Mál nr. 2/2014: Hluti fyrrum Norðurárdalshrepps
- Mál nr. 3/2014: Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur
- Mál nr. 4/2014: Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull
- Mál nr. 5/2014: Fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps

Málin voru fyrst tekin fyrir í maí 2014 og vettvangsgöngur fóru fram í ágúst og september 2014. Aðalmeðferðir fóru fram í nóvember og desember 2014. Úrskurðir voru kveðnir upp 11. október 2016.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Landsvæði í vestanverðum Snjófjöllum
- Sauðafellsafréttur
- Vesturhluti Ystutunguafréttar
- Mjóidalur og vesturhluti Sátudals
- Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals
- Víðidalur
- Austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum
- Fjalllendi Álftaneshrepps
- Suðausturhluti Fjallendis Hraunhrepps
- Vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum
- Austurhluti Tvídægru
- Helgavatnsselland
- Austurhluti Síðumúlaskógar
- Reykholtsseland
- Sámsstaðaselland
- Landsvæði norðaustan Arnarvatnsheiðar
- Land við Reyðarvatn
- Afréttur Lunddæla
- Land norðan afréttar Lunddæla ásamt Oki
- Landsvæði sunnan Geitlands, þ.m.t. norðvestanverður Þórisjökull
- Langjökull

4.12 Svæði 9A

Svæði 9A tók til Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi. Upphaflega var svæði 9, sem auk Dalasýslu tók einnig til Snæfellsness, tekið til meðferðar í heild sinni með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 17. september 2014. Með bréfi 30. september 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 9 í

tvennt. Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 9, ef einhverjar væru. Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og skiptingar svæðisins í svæði 9A og 9B, var sá frestur nokkrum sinnum framlengdur að því er varðar svæði 9A, síðast til 8. febrúar 2016. Þann dag bárust kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 18. febrúar 2016. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins á 13 skilgreindum landsvæðum og á móti bárust alls 22 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í þremur málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2016: Flekkudalur og Svínadalur
- Mál nr. 2/2016: Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár
- Mál nr. 3/2016: Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár

Málin voru fyrst tekin fyrir í ágúst 2016 og vettvangsgöngur fóru fram í september sama ár. Aðalmeðferðir fóru fram í ágúst og nóvember 2017. Úrskurðir voru kveðnir upp 2. maí 2018.

Þjóðlenda á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla er eftirfarandi:

- Vesturhluti Víðimúla

4.13 Svæði 9B

Svæði 9B tók til Snæfellsness ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandahreppi. Upphaflega var svæði 9, sem tók einnig til Dalasýslu, tekið til meðferðar í heild sinni með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 17. september 2014. Með bréfi 30. september 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 9 í tvennt. Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 9, ef einhverjar væru. Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og skiptingar svæðisins í svæði 9A og 9B, var sá frestur nokkrum sinnum framlengdur að því er varðar svæði 9B, síðast til 8. febrúar 2018. Þann dag bárust kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 23. febrúar 2018. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins á fimm skilgreindum landsvæðum og á móti bárust alls 22 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fjórum málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2018: Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans
- Mál nr. 2/2018: Landsvæði milli Hraunhafnardals, Mælifells og Bjarnarfossdals
- Mál nr. 3/2018: Eyrarbotn
- Mál nr. 4/2018: Fjalllendi milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla

Málin voru fyrst tekin fyrir í júní 2018 og vettvangsgöngur fóru fram í ágúst sama ár. Aðalmeðferðir fóru fram 28. febrúar 2019. Úrskurðir voru kveðnir upp 15. ágúst 2019.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla eru eftirfarandi:

- Eyrarbotn
- Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls
- Snæfellsjökull

4.14 Svæði 10A

Svæði 10A tók til Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Óbyggðanefnd tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra með bréfi 12. nóvember 2015 að ákveðið hefði verið, vegna knappa fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 10, sem upphaflega átti að vera eitt svæði, í þrennt. Svæði 10A var tekið til meðferðar með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 16. mars 2018. Upphaflega var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendum á svæði 10A, ef einhverjar væru, til 14. september 2018. Fresturinn var síðar framlengdur til 5. október 2018 og kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 16. október 2018. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni barst krafa íslenska ríkisins á einu landsvæði og á móti bárust alls fimm kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í einu máli, nr. 1/2019: Suðausturhluti Drangajökuls.

Vettvangsferð var farin 25. september 2019 og málið var fyrst tekið fyrir daginn eftir, 26. september. Aðalmeðferð málsins fór fram 10. desember 2019 og úrskurður var kveðinn upp 21. febrúar 2020.

Þjóðlenda á svæðinu samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar³ er suðausturhluti Drangajökuls.

³ Aðilar málsins undu niðurstöðu nefndarinnar sem sætti því ekki endurskoðun dómstóla.

4.15 Svæði 10C

Svæði 10C tók til Barðastrandarsýslna. Óbyggðanefnd tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra með bréfi 12. nóvember 2015 að ákveðið hefði verið, vegna knappa fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 10, sem upphaflega átti að vera eitt svæði, í þrennt. Svæði 10A var tekið til meðferðar með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 9. nóvember 2018. Upphaflega var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 10C, ef einhverjar væru, til 15. febrúar 2019. Fresturinn var síðar framlengdur til 15. apríl 2019 og kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 30. apríl 2019. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins á fjórum skilgreindum landsvæðum og á móti bárust alls átta kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fjórum málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2020: Bæjarbjarg
- Mál nr. 2/2020: Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps
- Mál nr. 3/2020: Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar
- Mál nr. 4/2020: Hvannahlíð

Málin voru fyrst tekin fyrir í júní 2020, en fyrirhugaðri fyrstu fyrirtöku í mars 2020 var frestað vegna heimsfaraldurs Covid-19, í samræmi við tilmæli íslenskra yfirvalda og almannavarna vegna hans. Vettvangsgöngur fóru fram í september og október 2020 og aðalmeðferðir í nóvember sama ár. Úrskurðir voru kveðnir upp 22. desember 2020.

Þjóðlendur á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar⁴ eru eftirfarandi:

- Hluti Þingmannaheiðar
- Hvannahlíð

4.16 Svæði 10B

Svæði 10B tók til Ísafjarðarsýslna. Óbyggðanefnd tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra með bréfi 12. nóvember 2015 að ákveðið hefði verið, vegna knappa fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 10, sem upphaflega átti að vera eitt svæði, í þrennt. Svæði 10B var tekið til meðferðar með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 27. nóvember 2019. Upphaflega var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 10B, ef einhverjar væru, til 2. mars 2020. Fresturinn var síðar framlengdur til 15. september 2020 og kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í

⁴ Aðilar málsins undu niðurstöðum nefndarinnar sem sættu því ekki endurskoðun dómstóla.

Lögbirtingablaðinu 9. október 2020. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins á 45 skilgreindum landsvæðum og á móti bárust alls 159 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust, en samtals tóku þær til tæplega 190 jarða eða svæða.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í átta málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2021: Fjallendi norðan Geirþjófsfjarðar
- Mál nr. 2/2021: Fjallendi milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar
- Mál nr. 3/2021: Fjallendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals
- Mál nr. 4/2021: Fjallendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar
- Mál nr. 5/2021: Fjallendi við innanverðan Arnarfjörð og Dýrafjörð ásamt landsvæðum sunnan Ísafjarðardjúps
- Mál nr. 6/2021: Fjallendi upp af Langadalsströnd
- Mál nr. 7/2021: Drangajökull og landsvæði umhverfis hann
- Mál nr. 8/2021: Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurbreppur

Málin voru fyrst tekin fyrir í júní 2021 og vettvangsgöngur fóru fram í ágúst 2021 og september 2022. Aðalmeðferðir fóru fram í september og október 2022 og úrskurðir voru kveðnir upp 30. ágúst 2023.

Þjóðlendar á svæðinu samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar⁵ eru eftirfarandi:

- Hestfjarðaralmenningur
- Skötufjarðaralmenningur
- Almennigur í Ísafirði
- Grænahlíð
- Almennigar vestari
- Hælavíkurbjarg
- Hornbjarg
- Almennigar eystri
- Drangajökull

4.17 Málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga

Með bréfi dagsettu 11. ágúst 2022 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar sautján landsvæði á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 14. nóvember 2021 til að lýsa kröfum

⁵ Mál eru rekin fyrir dómstólum um sum þeirra svæða sem úrskurðuð voru þjóðlendar og endanlegar niðurstöður þeirra dómsmála liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Þetta á við um Hestfjarðaralmenning, Skötufjarðaralmenning, Almennigur í Ísafirði, Hornbjarg og Almenniga eystri.

um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.⁶ Fyrrgreint lagaákvæði heimilaði óbyggðanefnd að „taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra“. Ákvæðið kom inn í þjóðlendulög með lögum nr. 34/2020, sbr. umfjöllun um breytingar sem urðu með þeim lögum í 3. kafla. Þau sautján svæði sem tekin voru til meðferðar á þessum grundvelli höfðu ekki áður verið undirorpin þjóðlendukröfu en voru aðliggjandi þjóðlendum í sveitarfélögunum Fljótisdalshreppi, Langanesbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, sveitarfélaginu Skagafirði, Skagabyggð, Húnabyggð, Borgarbyggð og Árneshreppi á svæðum 5, 7A, 8A, 8B og 10A. Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust 14. nóvember 2022. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 21. nóvember 2022. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins á 14 skilgreindum landsvæðum og á móti bárust 30 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust.

Ákveðið var að fjalla um svæðin í fimm málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2023: Austurland og Norðausturland
- Mál nr. 2/2023: Norðurland
- Mál nr. 3/2023: Vesturland
- Mál nr. 4/2023: Strandir
- Mál nr. 5/2023: Norðurmörk Auðkúluheiðar

Málin voru fyrst tekin fyrir 14. júní 2023 og vettvangsgöngur fóru fram í október 2023. Aðalmeðferðir fóru fram í apríl 2024 og úrskurðir voru kveðnir upp 17. október 2024.

Þjóðlendur á svæðunum samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar⁷ eru eftirfarandi:

- Nyrsti hluti Grímólfsártungu í Langanesbyggð
- Nyrstu hlutar Vaskárdals og Almennings í Hörgársveit
- Landsvæði við norðurmörk Hraunanna í Skagafirði
- Landsvæði við norðurmörk Eyvindarstaðaheiðar í Húnabyggð
- Norðurhluti Kornsártungna í Húnabyggð
- Landsvæði við norðurmörk Auðkúluheiðar í Húnabyggð

⁶ Áður hafði óbyggðanefnd tekið svæðin til meðferðar í júní 2020 og í janúar 2021 bárust kröfur íslenska ríkisins vegna þeirra. Síðar það ár ákvað nefndin að reglulegir nefndarmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis og í framhaldinu var sett sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina. Sú nefnd ákvað að hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til, skoða að nýju hvort taka beri bæri landsvæðin til meðferðar og kallaði eftir sjónarmiðum þar að lútandi. Í ágúst 2022 ákvað nefndin svo að taka svæðin til meðferðar og tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um það.

⁷ Mál eru rekin fyrir dómstólum um tvö þeirra svæða sem úrskurðuð voru þjóðlendur og endanlegar niðurstöður þeirra dómsmála liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Þetta á við um nyrsta hluta Grímólfsártungu og norðurhluta Kornsártungna.

4.18 Svæði 11

Svæði 11 tók til Austfjarða og var tekið til meðferðar með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 20. apríl 2021. Upphaflega var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til 8. október 2021 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 25. janúar 2022 og kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins ásamt uppdrætti var birt í Lögbirtingablaðinu 1. febrúar 2022. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Nefndinni bárust kröfur íslenska ríkisins á 25 skilgreindum landsvæðum og á móti bárust alls 32 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins, sem sumar sköruðust.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í fjórum málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2022: Útmanasveit, Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður
- Mál nr. 2/2022: Landsvæði milli Norðfjarðar og Skriðdals
- Mál nr. 3/2022: Gilsárdalsafrett, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur
- Mál nr. 4/2022: Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði

Málin voru fyrst tekin fyrir í mars 2023 og vettvangsgöngur fóru fram í september 2023. Aðalmeðferðir fóru fram í mars 2022 og úrskurðir voru kveðnir upp 5. nóvember 2024.

Þjóðlendur á svæðinu samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar⁸ eru eftirfarandi:

- Suðurhluti Eyvindarárdals, ásamt Skagafelli, Tungudal og Svínadal
- Búðartungur
- Sá hluti Hofsjökuls sem er innan svæðamarka

4.19 Svæði 12

Svæði 12 tók til eyja og skerja utan meginlands Íslands. Svæðið var tekið til meðferðar með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra 19. apríl 2023. Upphaflega var fjármála- og efnahagsráðherra veittur frestur til 31. ágúst 2023 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, ef einhverjar væru. Fresturinn var síðar framlengdur til 2. febrúar 2024 og kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bárust þann dag. Tilkynning um kröfur ríkisins var birt í Lögbirtingablaðinu 13. febrúar 2024. Þar var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd.

Kröfur ríkisins á svæðinu voru, vegna eðlis svæðisins og óvissu um nákvæman fjölda eyja og skerja, ekki tæmandi taldar en tóku upphaflega til flestra eyja og skerja utan meginlandsins. Á móti bárust 228 kröfulýsingar frá gagnaðilum ríkisins. Eftir umfangsmiklar breytingar á kröfugerð ríkisins við meðferð mála á svæðinu voru að lokum til

⁸ Aðilar málsins undu niðurstöðum nefndarinnar sem sættu því ekki endurskoðun dómstóla.

efnislegrar úrlausnar samtals níu kröfulýsingar gagnaðila ríkisins vegna jafn margra jarða eða landsvæða.

Ákveðið var að fjalla um svæðið í tveimur málum, sem skiptust svo:

- Mál nr. 1/2025: Eyjar og sker sunnan og austan lands
- Mál nr. 2/2025: Eyjar og sker norðan og vestan lands

Málin voru fyrst tekin fyrir í október 2025. Að höfðu samráði við lögmenn og fulltrúa aðila var ákveðið að ekki yrði gengið á vettvang í málunum vegna sérstaks eðlis þeirra og í ljósi þess að ekki væri ágreiningur um landamerki, túlkun þeirra, staðsetningu örnefna eða staðhætti og gróðurfar. Aðalmeðferðir fóru fram í nóvember 2025 og úrskurðir voru kveðnir upp 22. desember 2025. Það voru jafnframt síðustu úrskurðir óbyggðanefndar.

Þjóðlendum á svæðinu samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar⁹ eru m.a. eftirfarandi:

- Eldey, Eldeyjardrangur, Geirfuglasker og Geirfugladrangur við Reykjanes
- Surtsey í Vestmannaeyjum
- Tvísker í Öræfum
- Hvalbakur
- Kolbeinsey
- Hrólfsker í Eyjafirði
- Kvíslarsker norðan við Drangey í Skagafirði
- Rif og boðar í grennd við Þorkelssker við Bjarnarnes á Ströndum
- Hafbyggir á Breiðafirði
- Kópaflogur og Oddbjarnarsker í Eyrarsveit
- Grunnasker og Djúpasker í Búðavík á Snæfellsnesi
- Breiðasker í Staðarsveit á Snæfellsnesi
- Innri- og Ytri-Flesjur í Melasveit
- Ýmis ónefnd sker sem gerð er grein fyrir í úrskurðunum

4.20 Mál um mörk sveitarfélaga

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í eldri sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 var óbyggðanefnd falið úrskurðarvald í ágreiningsmálum um staðarmörk sveitarfélaga. Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sem tóku gildi 1. janúar 2012, er hins vegar ekki að finna ákvæði sem felur óbyggðanefnd slíkt úrskurðarvald.

Fyrir gildistöku laga nr. 138/2012, eða 22. nóvember 2010, barst óbyggðanefnd krafa frá Hafnarfjarðarkaupstað þess efnis að þjóðlendum á afrétti Álfanesshrepps hins forna og skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands, suðaustan við kaupstaðinn, yrði skipað innan staðarmarka hans. Þar sem svæðið var innan gildandi

⁹ Frestur til að höfða mál vegna úrskurðanna er ekki liðinn þegar þetta er ritað og því er hugsanlegt að niðurstöður nefndarinnar kunni að einhverju leyti að sæta endurskoðun dómstóla.

aðalskipulags bæði Garðabæjar og Grindavíkurbæjar var umræddum sveitarfélögum upphaflega gert viðvart um kröfu Hafnarfjarðarkaupstaðar, auk þess sem erindi voru síðar send Sveitarfélaginu Álftanesi, Kópavogsbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi og Reykjavíkurborg. Málið hlaut málsnúmerið S-1/2011 og var fyrst tekið fyrir 22. desember 2010.

Með bréfi 28. febrúar 2011 krafðist Kópavogsbær þess að staðfest yrði að þjóðlenda á afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna væri innan staðarmarka Kópavogsbæjar. Óbyggðanefnd gerði Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Ölfusi og Garðabæ viðvart um erindi Kópavogsbæjar. Mál um kröfu Kópavogsbæjar hlaut málsnúmerið S-2/2011 og var fyrst tekið fyrir 4. maí 2011.

Á fundi óbyggðanefndar 4. maí 2011 var ákveðið að sameina mál nr. S-1/2011 og S-2/2011 undir málsnúmerinu S-1/2011. Sú ákvörðun var tilkynnt Garðabæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Grindavíkurbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Sveitarfélaginu Vogum og Sveitarfélaginu Ölfusi.

Hafnarfjarðarkaupstaður, Grindavíkurbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Sveitarfélagið Ölfus létu málið til sín taka og gerðu kröfur í málinu.

Vettvangsganga fór fram í nóvember 2011 og aðalmeðferð fór fram 2. febrúar 2012. Á fundi óbyggðanefndar 19. júní 2013 var ákveðið að málið skyldi flutt að nýju þar sem langt væri liðið frá aðalmeðferð þess og endurflutningur fór fram 20. mars 2014.

Þrátt fyrir að úrskurðarvald óbyggðanefndar í ágreiningsmálum um staðarmörk sveitarfélaga hafi fallið brott með gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 138/2012, 1. janúar 2012, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að meðferð málsins, sem hófst fyrir gildistöku laganna, skyldi haldið áfram og lokið með efnislegum úrskurði.

Úrskurður í máli nr. S-1/2011 var kveðinn upp 20. júní 2014. Þar var fallist á kröfu Hafnarfjarðarkaupstaðar um að þjóðlendur á afrétti Álftaneshrepps hins forna og skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands væru innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar. Einnig var fallist á kröfu Kópavogsbæjar um að þjóðlenda á afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna væri innan staðarmarka Kópavogsbæjar. Síðar-nefnda niðurstaðan var borin undir dómstóla og staðfest með dómi Hæstaréttar 16. nóvember 2017 í máli nr. 862/2016.

4.21 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu gætu haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr

úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinnar staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna* óbyggðanefndar sem fylgdu úrskurðum síðan voru að jafnaði uppfærðar með sama hætti, þ.e. með viðaukum sem geymdu umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þar var bæði að finna umfjöllun um dóma Hæstaréttar eða Landsréttar í þjóðlendumálum sem höfðu fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan auk umfjöllunar um önnur atriði sem almenna þýðingu höfðu við úrlausn mála. Síðasta útgáfa *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* var gefin út 22. desember 2025 í kjölfar síðustu úrskurða nefndarinnar á svæði 12. Auk upphaflegrar umfjöllunar sem fylgdu úrskurðum á svæðum 1 og 2 hefur hún að geyma viðauka úr úrskurðum á svæðum 6, 7A, 7B, 8A, 9B, 10C, 10B, 11 og 12, og málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga.

5 GAGNAÖFLUN OG RANNSÓKN ÓBYGGÐANEFNDAR

Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, eins og ákvæðið var áður en óbyggðanefnd var lögð niður, bar nefndinni að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar voru hverju sinni og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu höfðu fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Með umræddu ákvæði var lögð á nefndina sérstök og ítarlegri rannsóknarskylda en leiðir af almennri rannsóknarreglu stjórnsluréttar, sbr. 10. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, sem kveður á um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Rökin fyrir hinni sérstöku rannsóknarskyldu óbyggðanefndar voru mikilvægi þess að sem best væri tryggt að rétt niðurstaða fengist um þau álitafni sem nefndin hefði til meðferðar, ekki síst í ljósi sérstaks eðlis málanna og þess markmiðs að baki lögunum að skera í eitt skipti fyrir öll úr um eignarréttarlega stöðu lands á Íslandi.

Þegar óbyggðanefnd tók til starfa þurfti m.a. í upphafi að taka afstöðu til þess hvernig nefndin ætti að sinna þessari sérstöku rannsóknarskyldu og hvernig gagnaöflun um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem voru til meðferðar hverju sinni skyldi háttáð. Vorið 1999, eftir að svæði 1 hafði verið tekið til meðferðar, leitaði nefndin til Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og óskaði eftir því að hann veitti nefndinni sagnfræðilega ráðgjöf. Gunnar hafði m.a. rannsakað eignarhald á afréttum og almenningum og af hálfu óbyggðanefndar var óskað eftir ráðgjöf varðandi mótun almennra vinnureglna við leit að sögulegum heimildum og könnun á þeim og athugun á einstökum álitafnum, þ.m.t. skjölum, sem upp kynnu að koma. Gunnar féllst á að taka verkið að sér og í júlí 1999 hafði hann tekið saman fyrstu drög að skrá yfir heimildir sem þýðingu gætu haft fyrir störf nefndarinnar. Hann var síðan ráðinn til starfa á skrifstofu nefndarinnar í ágúst 2000 og starfaði þar til loka árs 2004. Á þeim tíma átti hann stóran þátt í að móta verklag nefndarinnar við öflun heimilda um sögu þeirra jarða og landsvæða sem til meðferðar voru hjá nefndinni og túlkun þeirra í samhengi við þjóðlendumál. Á þeim trausta grunni sem lagður var á þessum upphafsárum nefndarinnar byggðust störf hennar alla tíð síðan.

Í upphafi árs 2000 hóf óbyggðanefnd einnig samstarf við Þjóðskjalasafn Íslands sem fól fyrst og fremst í sér að sérfræðingar Þjóðskjalasafns sinntu kerfisbundinni gagnaöflun í tilteknum gagnaflokkum í safnkosti safnsins á grundvelli svokallaðs frumgagnayfirlits eða „Yfirlits yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess naut óbyggðanefnd, eins og áður segir, ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns, en yfirlitið byggðist m.a. á áðurnefndum drögum Gunnars að skrá yfir heimildir sem þýðingu gætu haft fyrir störf nefndarinnar frá júlí 1999. Fyrsta gerð frumgagnayfirlitsins var gerð árið 2000, en það var uppfært og endurskoðað nokkrum sinnum, síðast 10. apríl 2015. Nýjasta gerð þess er fylgiskjal með þessari skýrslu.

Í frumgagnayfirlitinu var að finna upptalningu þeirra skjala- og heimildaflokka sem leitað var í, ásamt lýsingu á því hvernig leit færi fram í hverum flokki. Í flestum flokkum var framkvæmd kerfisbundin leit á grundvelli jarðalista sem útbúinn var eftir að kröfur ríkisins á hverju svæði voru komnar fram. Þar voru tilgreindar jarðir og landsvæði sem talið var að kröfusvæði ríkisins kynnu að tengjast eða liggja nærri. Leit í einstökum skjalaflokkum skiptist á milli starfsmanna Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar samkvæmt ákveðnu skipulagi, auk þess sem samstarf var haft við héraðsskjalasöfn, sýslumannsembætti, sveitarfélög og fleiri aðila eftir því sem tilefni gafst til á hverju svæði.

Í hverju máli voru lagðar fram skrár yfir skjöl sem komu í leitirnar og þau gögn sem óbyggðanefnd eða lögmenn málsaðila töldu að þýðingu gætu haft voru lögð fram við fyrirtökur í málum. Lögmenn og aðrir fyrirsvarsmenn aðila höfðu þannig aðgang að öllum gögnum sem komu fram við gagnaöflunina og fengu ítarlegar upplýsingar um tilhögun hennar.

Samstaf óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns var formgert árið 2004 með undirritun samstarfssamnings sem síðar var endurnýjaður reglulega. Samkvæmt honum tók Þjóðskjalasafn að sér að afla frumgagna sem könnuð voru vegna rannsóknarskyldu nefndarinnar samkvæmt frumgagnayfirliti, svo og eftir óskum og ábendingum sem kynnu ýmist að koma frá nefndinni eða lögmönnum aðila. Starfsmenn Þjóðskjalasafns sáu um frumskráningu gagnanna og flokkun vegna úrvinnslu og sendu óbyggðanefnd skilabréf og yfirlit, sem og myndir af frumskjölum og uppskriftir skjala, auk þess sem efni gagnanna var tekið saman í sögulegum greinargerðum í hverju máli. Sögulegar greinargerðir Þjóðskjalasafns höfðu þannig að geyma umfjöllun um þær sögulegu heimildir sem fram komu í gagnaöflun safnsins um hverja jörð og landsvæði sem til umfjöllunar voru hverju sinni. Þrátt fyrir að gagnaöflun Þjóðskjalasafns byggðist fyrst og fremst á frumgagnayfirlitinu komu iðulega fram vísbendingar um tilvist skjala í öðrum söfnum eða skjalaflokkum sem þýðingu gætu haft fyrir málsmeðferð óbyggðanefndar og þá reyndi á sérfræðipækkingu starfsmanna safnsins sem lögðu sig fram um að leita uppi alla þá gagnaöflunarþræði sem talið var að máli gætu skipt en oft þurfti að leita fanga víða í safnkostinum. Þjóðlendurannsóknir á Þjóðskjalasafni fyrir óbyggðanefnd voru umfangsmiklar og á safninu voru að jafnaði unnin nokkur ársverk í þágu verkefnisins.

Auk öflunar skriflegra gagna fór einnig fram munnleg sönnunarfærsla fyrir nefndinni með því að aðilar mála og aðrir staðkunnugir gáfu munnlega skýrslu fyrir nefndinni við aðalmeðferð mála á hverju svæði, sbr. 2. másl. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Þá voru vettvangsferðir um þau svæði sem til meðferðar voru hverju sinni mikilvægur liður í rannsókn nefndarinnar og þar veittu aðilar og aðrir heimamenn einnig ómetanlega aðstoð með leiðsögn og frásögn um svæðin. Nefndin lagði þannig frá upphafi mikla áherslu á aðkomu heimamanna, sem skipti einnig miklu máli fyrir rannsókn mála hverju sinni.

6 SKIPAN ÓBYGGÐANEFNDAR OG STARFSFÓLK

Samkvæmt þjóðlendlögum var óbyggðanefnd skipuð þremur aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum. Aðal- og varamenn voru skipaðir af forsætisráðherra og skyldu fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara, þó þannig að með lagabreytingu frá árinu 2015 var heimilt að víkja frá 70 ára aldurshámarki. Í hverju máli var óbyggðanefnd skipuð þremur úr hópi aðal- og varamanna og ýmsir varamenn tóku því, ásamt aðalmönnum, verulegan þátt í málsmeðferð nefndarinnar. Eftirfarandi sátu í óbyggðanefnd sem aðal- eða varamenn:

Kristján Torfason	1998–2009, formaður
Allan Vagn Magnússon	1998–2025, aðalmaður
Karl Axelsson	1998–2016, aðalmaður, starfandi formaður 2009–2011 og formaður 2012–2016
Þorgeir Örlygsson	1998–2002, varamaður, og 2021–2024, aðalmaður í sérstakri óbyggðanefnd til að fara með mál skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga
Halldór Jónsson	1998–2007, varamaður
Ragnheiður Bragadóttir	1998–2006, varamaður
Benedikt Bogason	2002–2012, varamaður
Sif Guðjónsdóttir	2006–2017, varamaður
Hulda Árnadóttir	2007–2021, varamaður, og 2021–2025, aðalmaður og formaður
Ása Ólafsdóttir	2012–2021, aðalmaður, og formaður 2016– 2021
Eiríkur Elís Þorláksson	2012–2023, varamaður
Þorsteinn Magnússon	2016–2025, aðalmaður
Aðalheiður Jóhannsdóttir	2018–2021, varamaður
Ásgerður Ragnarsdóttir	2021–2023, varamaður
Valgerður Sólves	2021–2025, varamaður
Kristín Benediktsdóttir	2021–2024, formaður sérstakrar óbyggðanefndar til að fara með mál skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga

Víðir Smári Petersen	2023–2025, varamaður, og 2021–2024, aðalmaður í sérstakri óbyggðanefnd til að fara með mál skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga
Sigmar Aron Ómarsson	2023–2025, varamaður, og 2024, varamaður í sérstakri óbyggðanefnd til að fara með mál skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga


Kristján Torfason, fyrsti formaður óbyggðanefndar, var einnig framkvæmdastjóri nefndarinnar frá 1998 til 2006. Við af honum tók Sif Guðjónsdóttir, sem hafði fyrst starfað sem lögfræðingur hjá nefndinni og síðan skrifstofustjóri, en hún var framkvæmdastjóri nefndarinnar frá 2006 til 2012. Þá tók við starfi framkvæmdastjóra Þorsteinn Magnússon til ársins 2022, en hann hafði áður starfað sem laganemi og lögfræðingur hjá nefndinni á árunum 2006–2009. Árið 2023 tók Sigmar Aron Ómarsson við starfi framkvæmdastjóra og sinnti því þar til nefndin lauk störfum í lok árs 2025, en hann hafði áður starfað sem laganemi og lögfræðingur hjá nefndinni á árunum 2018–2021.

Auk framkvæmdastjóra störfuðu að jafnaði á bilinu 1–4 aðrir starfsmenn á skrifstofu nefndarinnar á hverjum tíma en samkvæmt þjóðlendlögum var óbyggðanefnd heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar. Starfsmenn sem störfuðu í fullu starfi á skrifstofu nefndarinnar, til viðbótar framkvæmdastjóra, voru, Gunnar Friðrik Guðmundsson (2000–2004), Hildur Guðbrandsdóttir (2000–2002), Hulda Árnadóttir (2001–2005), Eiríkur Elís Þorláksson (2001–2002), Kristjana Hildur Kristjánsdóttir (2003–2005), Ingibjörg Marta Bjarnadóttir (2004–2017), Guðjón Ármannsson (2003 og 2004–2007), Kristín María Gunnarsdóttir (2006–2010), Björk Þorleifsdóttir (2009–2010), Regína Sigurðardóttir (2013), Steinunn Birna Magnúsdóttir (2013–2017), Hrafnhildur Guðjónsdóttir (2013–2018), Erna Erlingsdóttir (2018–2025), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (2020–2021), Jón Nordal (2021–2022), Kristín Inga Friðþjófsdóttir (2021–2022 og 2024–2025) og Rannveig Anna Guðmundsdóttir (2022–2025). Auk þeirra voru um 20 aðrir starfsmenn, gjarnan laganemar, ráðnir í sumarstörf og tímavinnu á starfstíma nefndarinnar.

FYLGISKJÖL

1. Yfirlitskort um málsmeðferðarsvæði.
2. Yfirlitskort um þjóðlendum, 22. desember 2025.
3. Frumgagnayfirlit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands.

YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐLENDUMÁLA



Málsmeðferð óbyggðanefndar lokið og úrskurðir kveðnir upp

ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands




Dags. 22. desember 2025 Mkv. 1:1.250.000 í A2 Verknr. 223-010 LANDFORM

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOS S/482 4090, landform@landform.is

YFIRLITSKORT YFIR ÞJÓÐLENDUR Á SVÆÐUM 1-12

SAMKVÆMT ÚRSKURÐUM ÓBYGGÐANEFNDAR OG NIÐURSTÖÐUM DÓMSTÓLA



Þjóðlendlina	Mörk aftréttar innan þjóðlendu	Sveitarfélagamörk
Þjóðlenda og aftréttur	Önnur óbein eignarréttindi í þjóðlendu	Dæmt eignarland
Þjóðlenda í aftréttareign	Aðrar þjóðlendir (jökull / land utan jökla)	

10.4.2015
Óbyggðanefnd
Þjóðskjalasafn Íslands

**YFIRLIT YFIR FRUMGÖGN
sem könnuð eru vegna
rannsóknarskyldu óbyggðanefndar,
sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum.**

1. RANNSÓKNARSKYLDA ÓBYGGÐANEFNDAR

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái stöð um einstök álitæfni.

Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. **Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.**

2. FRAMKVÆMD

Að hverju er leitað: Leitað er að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur eru taldar á að varpað geti ljósi á afmörkun og eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til umfjöllunar er. Verkið er unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Leitað er eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða/annarra landsvæða sem þjóðlendukröfur ríkisins taka til, auk afrétta og almenninga. Nafnalistar eru afhentir lögmönnum málsaðila til yfirferðar og fyrirsvarsmenn aðila geta einnig bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að afla eða kanna.

Hvar er leitað: Leitað er í tilteknum skjalaflokkum, samkvæmt nánari lýsingu hér á eftir. Við val á þessum skjalaflokkum, og tilhögun leitar í hverjum flokki fyrir sig, hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Leit í einstökum skjalaflokkum skiptist á milli starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar.¹ Jafnframt er haft samstarf við héraðsskjalasöfn, sýslumannsembætti, sveitarfélög og fleiri aðila. Yfirlit þetta er kynnt lögmonnum í hverju máli og birt á heimasíðu óbyggðanefndar (www.obyggdanefnd.is).

Það sem kemur í leitirnar: Í hverju máli eru lagðar fram skrár yfir þau skjöl sem í leitirnar koma, stundum með efnisútdrætti. Þau gögn sem óbyggðanefnd eða lögmenn telja að þýðingu geti haft eru lögð fram við fyrirtökur í málum. Fyrirsvarsmenn aðila hafa óskoraðan rétt til að fá afrit allra gagna og upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar.

3. LEIT

A. Óprentuð frumgögn

A.1. Landamerkjabréf.

Landamerkjabækur á Þjóðskjalasafni eru yfirfarnar af sérfræðingum safnsins. Séu landamerkjabréf ekki á Þjóðskjalasafni ættu þau að vera í vörslu viðkomandi sýslumannsembættis eða héraðsskjalasafns. Starfsmenn Þjóðskjalasafns, og óbyggðanefndar eftir því sem við á, afla þá viðkomandi bréfa. Lögð eru fram ljósrít af þeim einstöku bréfum sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli, sem og uppskriftir þeirra ef þörf þykir. Efnisyfirlit landamerkjabókar er einnig afhent til kynningar, ef til er.

A.2. Jarðabréf (á Þjóðskjalasafni).

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leita heimilda. Landamerkjabréf eru á vissan hátt grunnur að leit og á þeim er byrjað, þegar þau eru til staðar. Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Sjá að öðru leyti lið B-1 (prentuð jarðabréf).

A.3. Afsals- og veðmálabækur.

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leita heimilda í afsals- og veðmálabókum í vörslu safnsins. Óbyggðanefnd aflar gagna úr afsals- og veðmálabókum í vörslu viðkomandi sýslumannsembættis. Lögð eru fram ljósrít af öllum fyrirliggjandi registrum (skráum yfir skjöl sem þinglýst hefur verið á viðkomandi landsvæði) og einstökum skjölum sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

A.4. Landskiptabækur.

Í landskiptabókum, bæði á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum, er leitað að skjölum ef sérstök ástæða þykir til.

¹ Heiti skjalaflokka eru með einhverjum tilbrigðum eftir landshlutum og sumir flokkar skiptast í undirflokka.

Efnisyfirlit landskiptabóka eru afhent til kynningar, ef til eru.

A.5. Fasteigna- og jarðamöt.

A.5.a Jarðamat 1804 – Á Þjóðskjalasafni.

A.5.b Jarðamat 1849-1850 – Á Þjóðskjalasafni.

A.5.c Fasteignamat 1916-1918 – Á Þjóðskjalasafni.

Þjóðskjalasafn lætur óbyggðanefnd í té ljósrit af framangreindum gögnum varðandi það landsvæði sem til meðferðar er. Óbyggðanefnd leggur fram í heild sinni. Vinnugögn við einstök jarðamöt eru hins vegar einungis skoðuð og lögð fram, ef sérstök ástæða þykir til.

Sjá að öðru leyti lið B-2 (prentuð fasteigna- og jarðamöt).

A.6. Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda.

Þessum skjalaflokki er skipt í eftirtalda undirflokka í Þjóðskjalasafni.

A.6.a Yfirlit úr dómabókum sýslumanna

A.6.b Uppskriftir úr dómabókum sýslumanna

A.6.c Dómsskjöl

A.6.d Hreppaskjöl í sýsluskjalasafni.

A.6.e Bréfab., bréfas. og gerðab. sýslum., hreppa og sáttan.

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni yfirfara gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur (dómsmálabækur, aukadómsbækur o.fl.) og sáttabækur, í heild sinni. Í dóma- og þingabókum er helst að leita upplýsinga, ef ágreiningur verður um landamerki, lögfestur birtar og skjöl lesin á manntalsþingum. Ef ágreiningsmál komu upp, t.d. varðandi mörk afrétta og heimalanda eða ágang afréttarfjár, var þeim yfirleitt vísað til sáttanefnda og/eða sýslumanns.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leita í bréfasöfnum sýslumanna (einnig dómsskjölum) á Þjóðskjalasafni ef tilefni gefst, því þar er helst að leita frumbréfa og skjala sem kynnu að hafa verið lögð fram í viðkomandi máli. Í bréfabækur sýslumanna er farið, ef frumbréf er glatað eða ábendingar koma fram um, að einhver mál séu í gangi, til þess að athuga, hvort sýslumaður eða aðrir aðilar hafa átt í bréfaskiptum við málsaðila, undirmenn sína eða yfirboðara vegna þessa máls. Oft er þá auðveldara að finna, hvar endanleg afgreiðsla hefur farið fram. Þetta á einkum við, ef fyrsta leit í skjalasöfnum málsaðila (bréfa- eða dómsskjalasöfnum og eftir bréfadagbókum) er árangurslaus.

Skjöl hreppa eru í fremur takmörkuðu magni á Þjóðskjalasafni. Aðallega eru þau frá 19. öld, en brotakennd. Hreppsækur og bréfabækur hreppstjóra og sveitarstjórna fjalla fyrst og fremst um reikningsmál, álagningu tíundar (útsvara) og fátækramál. Ekki er því talin ástæða til að skoða hreppsskjöl á Þjóðskjalasafni nema mjög lauslega, ef engin sérstök ábending hefur komið fram um annað.

Lögð eru fram ljósrit af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Sjá einnig lið B-3 (prentaðir dómar).

A.7. Kirknaskjöl.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuga skjöl kirkna sem áttu afrétti eða afréttaheimildir eða jarðir á þjóðlendukröfussvæðum. Ef vísitasíur gefa enga ábendingu um að viðkomandi kirkja hafi átt afréttarnot eða jarðir sem lenda innan þjóðlendukröfussvæðis er ekki farið í skjöl hennar. Við könnun kirknaskjala eða skjala sem tengjast kirkjum er stuðst við yfirlit um kirknajarðir á Íslandi (unnið fyrir kirkjueignanefnd).

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

A.8. Vísitasíubækur biskupa.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuga einkum fyrstu vísitasíur hvers biskups, síðari vísitasíur þeirra lauslegar, enda vísa þeir yfirleitt til fyrri vísitasía forvera sinna, þannig að breytingar frá fyrri vísitasíum, hvað varðar fasteignir og ítök og afnota-rétt, eru alltaf nefndar, þegar biskup vísiterar í fyrsta skipti.

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

A.9. Skjalasöfn presta og prófaste.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leita í skjalasöfnum presta og prófaste á safninu þegar sérstök ástæða er til. Þessum skjalaflokki er skipt í undirflokk, m.a. kirkjustóla og vísitasíubækur prófaste. Kirkjustólarnir svonefndu geyma fyrst og fremst vísitasíur og reikninga einstakra kirkna. Hver kirkja átti að eiga sinn sérstaka kirkjustól. Vísitasíur einstakra kirkna eiga einnig að vera færðar í vísitasíubækur prófaste og vísitasíubækur biskupa, sbr. lið 8. Það eru fyrst og fremst vísitasíubækur biskupa, sem lögð er áhersla á að leita í, en síður farið í sjálfa kirkjustólana. Það er helst í þeim elstu, þ.e. sem byrja um 1750, að þar geta verið færð inn gömul skjöl. Þó er farið lauslega í gegnum kirkjustóla þeirra kirkna sem áttu heiðalönd.

Varðandi vísitasíur prófaste er það að segja, að það eru fyrst og fremst úttektir staðanna, þegar prestaskipti verða, sem segja eitthvað. Venjulegar prófasts-vísitasíur fjalla yfirleitt ekkert um jarðeignir kirknanna og ítök, nema þegar ágreiningsmál eru í gangi. Yfirleitt er látið nægja að segja, að kirkjan haldi eignum sínum og ítökum. Þó er það oft í fyrstu vísitasíu nýs prófaste, að taldar eru upp eignir og ítök hverrar kirkju.

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

A.10. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leita í skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja á safninu, þegar sérstakar ábendingar hafa komið fram, svo sem í sambandi við sölu þjóðjarða, kirkjujarða, nýbýlastofnanir á heiðum uppi, eða ágreiningsmál um landsnyttjar og eignarhald, sem gæti hafa verið vísað til æðri stjórnvalda (sjá einnig lið nr. 11). Ekki er talin ástæða til að skoða skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja á Þjóðskjalasafni, ef engin sérstök ábending hefur komið fram um annað.

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Sjá að öðru leyti lið B-6 (prentað efni úr skjalasöfnum...).

A.11. Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnsýslu.

Starfsmenn Þjóðskjalasafns leita í skjalasöfnum I. og II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (I. skrifst. fór með dóms-, skóla- og kirkjumál, II. skrifst. með atvinnu-, samgöngu- og póstmál) og landbúnaðarráðuneytisins (sem skilað hefur verið til Þ.Í.), þar sem finna má heimildir um sölu kirkjujarða (eftir 1907) og þjóðjarða (áður klausturumboða, frá 1904). Frá árinu 1936 fór sérstök skrifstofa, sem síðar nefndist jarðeignadeild, með jarðamál. Framan af var hún undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti, en frá árinu 1958 atvinnumálaráðuneyti og síðar landbúnaðarráðuneyti. Allmikið virðist hafa glatast af skjölum, sem vera áttu í vörslu jarðeignadeildar. Þarna má finna skjöl varðandi jarðasölur, m.a. matsgerðir, sem sýna, hvaða landsréttindi og kostir fylgdu viðkomandi jörðum, sem tekið var tillit til við söluna.

Sömuleiðis leita starfsmenn Þ.Í., þegar ástæða þykir til, í tölvutækum skjalaskráum Þjóðskjalasafns sem eru á vef safnsins. eru það skjöl Rentukammers, Kansellís og Íslensku stjórnardeildarinnar.

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

A.12. Bréfasöfn og bréfabækur biskupa.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leita í bréfasöfnum biskupa á Þjóðskjalasafni ef tilefni gefst. Í bréfabækur biskupa er farið, ef frumbréfið er glatað eða ábendingar koma fram um, að einhver mál séu í gangi, til þess að athuga, hvort biskup eða aðrir aðilar hafa átt í bréfaskiptum við málsaðila, undirmenn sína eða yfirboðara vegna þessa máls. Oft er þá auðveldara að finna, hvar endanleg afgreiðsla hefur farið fram. Þetta á einkum við, ef fyrsta leit í skjalasöfnum málsaðila er árangurslaus.

Heimildir í þessum flokki á Landsbókasafni-Háskólabókasafni eru einnig athugaðar af stm. Þjóðskjalasafns.

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Sjá að öðru leyti lið B-8 (prentaðar bréfabækur biskupa).

A.13. Klausturumboð.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns yfirfara gögn varðandi klausturumboð (ef fyrir hendi eru) og leita heimilda. Sjá einnig lið nr. 11.

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

A.14. Fornleifaskráning (yfirlit).

Óbyggðanefnd aflar yfirlits yfir fornleifaskráningu, frá Minjastofnun Íslands og Fornleifastofnun Íslands ses. Óbyggðanefnd leggur fram. Ef til eru fornleifaskráningar á þeim landsvæðum sem til umfjöllunar eru þá eru þær lagðar fram ef sérstök ástæða er talin til.

A.15. Örnefnaskráning.

Óbyggðanefnd leggur fram örnefnaskrár o.þ.h. fyrst og fremst frá nafnafræðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ef sérstök ástæða er talin til.

A.16. Önnur óprentuð frumgögn.

Hugsanlegt er að í einstökum málum telji starfsmenn óbyggðanefndar eða Þjóðskjalasafns ástæðu til að kanna að auki aðra flokka óprentaðra frumgagna. Ábendingar um slíkt geta einnig borist frá forsvarsmönnum málsaðila. Þörfina metur óbyggðanefnd í samráði við starfsmenn Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafn kannar slík gögn í sínum fórum en óbyggðanefnd að öðru leyti.

B. Prentuð frumgögn

B.1. Jarðabréf og máldagar.

B.1.a Íslenskt fornbréfasafn (máldagar eru einvörðungu þar).

B.1.b Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi).

B.1.c Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.).

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leita heimilda. Þegar leitað er í Íslensku fornbréfasafni er stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. („Heimildaskráning jarða“). Þegar leitað er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Jarðabréfum frá 16. og 17. öld er farið eftir nafnaskrá. Lögð eru fram ljósrit af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Sjá að öðru leyti lið A-2 (óprentuð jarðabréf).

B.2. Fasteigna- og jarðamöt.

Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847).

Ný jarðabók (1861).

Fasteignabók 1921.

Fasteignabók 1932.

Fasteignabók 1942-1943.

Óbyggðanefnd aflar ljósrita af framangreindum gögnum varðandi það landsvæði sem til meðferðar er. Lagt fram í heild sinni, af óbyggðanefnd. Yngri fasteignamöt og vinnugögn (óprentuð) við einstök mót eru hins vegar einungis skoðuð og lögð fram, ef ástæða þykir til.

Sjá að öðru leyti lið A-5 (óprentuð fasteigna- og jarðamöt).

B.3. Dómar.

Útgefnir dómar Hæstaréttar og Landsyfírréttar.

Óbyggðanefnd leitar dóma sem fjalla um eignarhald og/eða landamerki og lagt er fram (eftir atvikum til hliðsjónar) það sem talið er geta skipt máli.

Í dómasafni Landsyfírréttar yngri, 1874-1920, og Landsyfírréttar eldri, 1802-1874 er leitað eftir efnisorðaskrá. Dómum undir eftirfarandi efnisorðum er flett upp: *ábúð*, *ábúðarsamningar*, *afréttur*, *eignarréttur*, *eignarréttur að landi*, *útak*, *kirkja*, *land sem enginn er eigandi að*, *landamerkjámál*, *landskuld og rekaviður*. Í dómum Hæstaréttar frá 1920-1978 er leitað undir sambærilegum efnisflokkum.

Heimasíða Hæstaréttar á veraldarvefnum (www.haestirettur.is) er notuð við leit að nýjustu hæstaréttardómum. Slegin eru inn heiti þeirra landsvæða og sveitarfélaga sem um er að ræða. Að auki er aflað skjalaskrár viðkomandi máls

hjá Hæstarétti, sé hún fyrir hendi. Einnig er leitað í dómasafni Fons juris (www.fonsjuris.is) þar sem starfræktur er gagnabanki og er þar að finna alla hæstaréttardóma sem fallið hafa frá árinu 1920.

Sjá að öðru leyti lið A-6 (óprentaðar dóma- og þingabækur).

B.4. Fjallskilareglugerðir.

Óbyggðanefnd aflar ljósrita af þeim fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði (birtar í Stjórnartíðindum). Leitað er í Stjórnartíðindum frá 1874. Farið er í gegnum efnisyfirlit Stjórnartíðinda og leitað undir efnisflokkum sem bera heitin *afrjettir, fjallskil* og/eða *landbúnaður*.

Frá árinu 2001 er leitað, eftir sömu efnisflokkum, á heimasíðu Stjórnartíðinda (www.stjornartidindi.is).

Upplýsinga um gildandi fjallskilareglugerð er aflað frá skrifstofu viðkomandi sveitarfélags. Óbyggðanefnd leggur fram í heild sinni.

B.6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum.

Lovsamling for Island og Stjórnartíðindi.

Óbyggðanefnd leitar heimilda í Lovsamling for Island 1096-1874. Leitað er undir efnisflokkunum *jordegods-administration, kirker, landbovæsenet, geistligheden og jordebogskassen*.

Þá leitar óbyggðanefnd heimilda í Stjórnartíðindum frá 1874 til dagsins í dag. Leitað er í efnisorðaskrá eftir þeim bæjar- og hreppanöfnum sem um er að ræða í málinu. Einnig er leitað undir efnisflokkunum: *afréttarmálefni, eignarréttur, hreppamörk, úök, jarðir, kirkjumál, kirkjujarðir og lendur, landbúnaður og landamerki*.

Frá árinu 2001 er leitað, eftir sömu efnisflokkum, á heimasíðu Stjórnartíðinda (www.stjornartidindi.is).

Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Sjá að öðru leyti lið A-10 (óprentuð skjalasöfn stiftamtmanns...).

B.7. Landnáma.

Óbyggðanefnd leggur fram ljósrít úr Landnámabók, í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði. Lagt fram í heild sinni.

B.8. Bréfabækur biskupa.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns leita heimilda. Stuðst er við nafnaskrá bréfabókar. Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

Ekki er um þennan gagnaflokk að ræða á svæðum 8b, 9, 10 og 11.

Sjá að öðru leyti lið A-12 (óprentaðar bréfabækur biskupa).

B.9. Alþingisbækur Íslands.

Starfsmenn óbyggðanefndar leita heimilda. Stuðst er við nafnaskrá Alþingisbóka. Lögð eru fram ljósrít af því sem óbyggðanefnd eða málsaðilar telja geta skipt máli.

B.10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi).

Ekki eru lögð fram ljósrít úr þessu riti en við það er stuðst, sem almennt uppláttarrit.

Sjá einnig lið B-1 (13. bindi Jarðabókar...).

B.11. Önnur prentuð frumgögn.

Hugsanlegt er að í einstökum málum telji starfsmenn óbyggðanefndar eða Þjóðskjalasafns ástæðu til að kanna að auki aðra flokka prentaðra frumgagna. Ábendingar um slíkt geta einnig borist frá forsvarsmönnum málsaðila.